

FLE BLAÐIÐ

Mars 2023



Félag löggiltra
endurskoðenda

1. tölublað
45. árgangur

Fjármagn í álögum

Sjálfbærni- upplýsingar og kröfur á endurskoðendum

Skýrsla stjórnar

Hjólaferð

Hlunnindamat vegna
íbúðarhúsa og
frístundahúsa

Áreiðanleikakannanir
og áhættumat
– kynning á netlausnum

Það er ekki í tísku
að vinna yfir sig

FYLGTT ÚR HLAÐI

Það er undarlegt hvað við getum orðið vön góðu. Eftir mörg ár af mildum og snjóléttum vetrum kemur árið 2022 eins og skrattinn úr sauðaleggnum og setur strik í marga reikninga. Síðasti hvellur í desember var sérstaklega leiðinlega mikill víða um land, eftir mildan og snjólausan nóvember. Við kvörtum og kveinum, komumst ekki leiðar okkar og verðum að leita í þolinmæðina og bíða þar til veðurguðirnir, vegagerðin og sveitarfélögin leyfa okkur að rjúka af stað í venjulega stressið. En fyrir okkur endurskoðendur er málið ekki bara að brjótast við illan leik í vinnuna eins og allir aðrir, nei, núna er tími birgðatalninga og ekki eru allar birgðir geymdar í upphituum vöruskemmum þar sem nýjasta tækni með róbotum er notuð til að sjá um þær. Nei, enn eru fullt af útisvæðum og ekki endilega öll í byggð eða aðgengileg og auðvitað er allt fennt á kaf. Líklega er sá tími liðinn þegar við sendum lærlinga í glansskóm og í stífpressuðum jakkafötum með bindi eða í dragt og háhæðum skóm upp á heiði að telja rör, þessar elskur eru hvort eð nú þegar í snjógallanum. Enda gengur enginn endurskoðandi lengur með bindi eða er í dragt, nema auðvitað þegar farið er á fund bankastjóra og annars fins fólks. Við fylgjumst með takti tímans, og eins og allir aðrir þá notum við sama dresskóða og viðskiptavinurinn.

Og svo núna í byrjun mars þegar nýjasta FLE blaðið kemur út, er allur snjór horfinn veg allra vega og á milli lægða sem bera með sér vindstrengi sem aldrei fyrr og á milli hæðir með hlýju og sumarveðri, þá sitjum við inni á skrifstofum okkar frá morgni til kvölds að þæla í tölum, en þráum innst inni að fara út kl. 16, hitta fjölskyldu og vini og fara út í birtuna og góða veðrið þegar það gefst.

Blaðið núna er að venju stútfullt af áhugaverðum og skemmtilegum greinum. Við vonum að þið njótið þessa blaðs eins og allra hinna.

Mars 2023

Ágústa Katrín Guðmundsdóttir, Birta Mogensen, Gísli Páll Baldvinsson, Herbert Baldursson og Kjartan Arnfinnsson

ÚTG: FÉLAG LÖGGILTRA ENDURSKOÐENDA ©

Aðsendar greinar í blaðinu eru á ábyrgð höfunda en að öðru leyti er útgáfa blaðsins á ábyrgð ritnefndar FLE. FLE blaðið má ekki afrita með neinum hætti, að hluta til eða í heild, þar með talið tölvutækt form, án skriflegs leyfis höfundarrétthafa.

VINNSLA BLAÐSINS

RITNEFND FLE:

Herbert Baldursson, formaður, Ágústa Katrín Guðmundsdóttir, Kjartan Arnfinnsson, Birta Mogensen og Gísli Páll Baldvinsson

Prentun: Litróf

Umsjón: Sigríður Ákadóttir

Mars 2023, 45. árgangur 1. tölublað



SKRIFSTOFA FLE, HELSTU UPPLÝSINGAR

Skrifstofa FLE, Suðurlandsbraut 6, 108 Reykjavík, er opin virka daga kl. 9-15

Sími: 568 8118, Tölvupóstfang: fle@fle.is, Vefsíða FLE: www.fle.is

Sigurður B. Arnþórsson, framkvæmdastjóri sigurdur@fle.is

Sigríður Ákadóttir, skrifstofustjóri fle@fle.is

EFNI BLAÐSINS

Fylgt úr hlaði.....	3
Af stjórnarborði.....	4
Skýrsla stjórnar – Leiðbeiningar reikningsskilaráðs.....	6
Fjármagn í álögum: Skattlagning verðbréfavíðskipta og fjármagnsmarkaða.....	8
Skipan stjórnar og fastanefnda FLE.....	11
IFRS 17, nýr reikningsskilastaðall fyrir váttryggingarsamninga.....	12
Menntun endurskoðenda – Sjálfbærniupplýsingar og staðfesting þeirra.....	15
Hlunnindamat vegna íbúðarhúsa og frístundahúsa.....	18
Það er ekki í tísku að vinna yfir sig.....	21
Félag kvenna í endurskoðun.....	24
Hjólaferð - Sigríður Ármannsdóttir.....	25
Birgðatalningar og endurskoðun.....	26
Nýr skrifstofustjóri FLE - Viðtal.....	28
Áreiðanleikakannanir og áhættumat – kynning á netlausnum.....	29
Arango AML - Áreiðanleikakannanir með rafrænni auðkenningu.....	29
Nýjar reglugerðir kalla á snjallari lausnir - Aðgerðir gegn peningþvætti.....	30
Áreiðanleikakannanir (KYC) – Nýtt kerfi fyrir bókara.....	31
Starfsemi FLE á nýliðnu ári.....	32
Nýir löggiltir endurskoðendur 2022.....	35



Ritnefnd FLE, frá vinstri: Herbert Baldursson, Ágústa Katrín Guðmundsdóttir, Kjartan Arnfinnsson, Birta Mogensen og Gísli Páll Baldvinsson.





Það er mikilvægt fyrir okkur að vera í félagsskap um okkar störf og taka þátt í alþjóðlegu samstarfi. Þannig tryggjum við meðal annars tímanlegan aðgang að upplýsingum sem varða framtíðarþróun, fylgjumst með þróun og atriðum líðandi stundar ásamt því að við höfum vettvang til að láta rödd okkar heyrast.

AF STJÓRNARBORÐI

Hólmgrímur Bjarnason, formaður FLE

Ný stjórn kom saman til fyrsta stjórnarfundar á nýju starfsári þann 24. nóvember 2022. Krístrún Helga Ingólfssdóttir er ný í stjórninni en Hlynur Sigurðsson vék úr stjórn og færum við honum kærar þakkir fyrir gott framlag hans til félagsins. Áfram í stjórn sitja þau Eymundur S. Einarsson, Hólmgrímur Bjarnason, Ingunn Hafdís Hauksdóttir og Sighvatur Halldórsson. Undirritaður er formaður, Krístrún varaformaður, Sighvatur gjaldkeri og Ingunn ritari.

Stjórn hittist að jafnaði einu sinni í mánuði og oftast ef þurfa þykir. Rekstur félagsins hefur verið í nokkuð föstum skorðum um árabíl og hefur síðasta ár gengið með ágætum.

Á vinnufundi stjórnar og fundi með formönnum fastanefnda félagsins í febrúar 2022 var farið yfir möguleg áhersluatriði félagsins á árinu og ákveðið að vinna meðal annars að eftirtöldum atriðum:

- Hagsmunagæsla verður áfram aðalatriði í starfsemi félagsins.
- Áframhaldandi samtöl við fulltrúa ráðuneytisins og ársreikningaskrár til að reyna að leysa áralöng átök um tímasetningar á skilum á ársreikningum til ársreikningaskrár.
- Áfram verði lögð áhersla á endurmenntun, þar með talið að bjóða félagsmönnum upp á fjölbreytt námskeið og ráðstefnur.
- Halda áfram að þróa rafrænar lausnir við námskeiðahald og ráðstefnur, þar með talið til að finna lausnir til að geyma og nálgast rafrænt efni.

Að þessum málum hefur stjórnin meðal annars unnið með starfsmönnum félagsins og nýtt sér þá þekkingu og krafta sem fastanefndirnar búa yfir, félaginu til góða.

Fulltrúar félagsins hafa verið í miklum samskiptum við ársreikningaskrá og ráðuneytið varðandi tímasetningar á skilum ársreikninga til ársreikningaskrár. Verkefninu var skipt í tvennt, það er annars vegar að finna skammtímalausn sem varðaði skil á árinu 2022 og hins vegar langtímalausn. Einnig var lögð áhersla á að fá niðurstöðu í skammtímalutann, það er hvað varðar skil á árinu sem fyrst svo fyrirtækin og við endurskoðendur gætum skipulagt okkur. Það tókst en á vordögum lá niðurstaðan fyrir, þar með talið að heimilt yrði að skila ársreikningum út september.

Áfram er unnið að því að finna langtímalausn en það er nokkuð á brattann að sækja þar sem ársreikningaskrá og ráðuneytið vilja að skil á ársreikningum verði fyrir en verið hefur en félagið hefur lagt mikla áherslu á mikilvægi þess að við höfum september áfram sem skilamánuð. Niðurstaða þessarar vinnu liggur ekki fyrir nú þegar þessi orð eru rituð en líklegt má telja að hún muni felast í mismunandi skilafrestum sem færu eftir stærð fyrirtækja þar sem áherslan væri á að stærri félög skili fyrir heldur en minni félög.

Í þessu sambandi hafa líka komið upp umræður um mikilvægi þess fyrir endurskoðendastéttina að félögum verði auðveldað að fá að hafa annað reikningsár en almanaksárið ef það hentar þeim. Góð fordæmi eru fyrir þessu til dæmis í Danmörku og Svíþjóð en það myndi klárlega hjálpa mikið til við að jafna

vinnuálag yfir árið hjá endurskoðendastéttinni. Góðu fréttirnar eru þær að fulltrúar ársreikningaskrár eru mjög jákvæðir gagnvart þessari breytingu en vondu fréttirnar eru þær að fulltrúar skattsins eru mjög neikvæðir og telja þetta mjög erfitt meðal annars þar sem tölvukerfin þeirra ráða ekki við þetta. Persónulega er ég á því að þetta sé mjög mikilvægt mál fyrir stéttina, ekki síst núna þegar tímarnir eru að breytast og unga fólk vill ekki vinna eins mikið og við þau sem eldri erum höfum gert. Ég mun því leggja áherslu á að áfram verði unnið í þessu máli þó að það muni geta tekið langan tíma að fá fram jákvæðar breytingar hvað þetta varðar.

Að venju hefur töluverð áhersla verið lögð á það hjá félaginu að sinna fræðslu og endurmenntun félagsmanna með því að bjóða upp á fjölbreytt úrval námskeiða og fræðsluerinda.

Covid-19 þrýsti félaginu og starfsmönnum þess út fyrir þægindahringinn þegar kom að viðburðum og hvernig hægt væri að bjóða félagsmönnum áfram upp á endurmenntun við hæfi. Því var stigið það skref á árunum 2020 og 2021 að bjóða upp á rafrænar lausnir, meðal annars með því að bjóða upp á streymi frá einstökum ráðstefnum og námskeiðum. Það kom á daginn að félagsmenn voru mjög ánægðir með þessa þróun og það er því ljóst að rafrænir viðburðir eru komnir til að vera.

Það er mikilvægt fyrir okkur að vera í félagsskap um okkar störf og taka þátt í alþjóðlegu samstarfi. Þannig tryggjum við meðal annars tímanlegan aðgang að upplýsingum sem varða framtíðarþróun, fylgjumst með þróun og atriðum líðandi stundar ásamt því að við höfum vettvang til að láta rödd okkar heyrast.

Samvinna við Norðurlöndin í gegnum samstarfsvettvang norrænna endurskoðenda NRF er félaginu sérstaklega mikilvæg í þessu sambandi, bæði til að fylgjast með því sem er að gerast og til að láta rödd okkar heyrast. Eftir nær eingöngu rafræna fundi vegna erlendra samskipta á tímum Covid-19 hafa fundir færst yfir í það að vera blanda af rafrænum fundum og venjulegum fundum og var aðalfundur NRF til dæmis haldinn á Íslandi í ágúst síðastliðnum og gekk vel.

Félagið auglýsti styrki til umsókna úr Námsstyrkja- og rannsóknarsjóði FLE á vordögum og í október síðastliðnum var formlega gengið frá tveimur styrkjum samtals að fjárhæð um 2 milljónir króna.

Á vinnufundi nýrrar stjórnar í desember síðastliðnum var rætt um hver ættu að vera helstu áherslumál þessa árs fyrir utan hefðbundin mál. Niðurstaða þeirrar vinnu var meðal annars að:

Fylgja eftir vinnu varðandi skil á ársreikningum til ársreikningaskrár og að félagið verði á tánum varðandi fyrirhugaðar breytingar á lögum um ársreikninga meðal annars stærðarmörk félaga og fjárhæðarmörk á endurskoðunarskyldu.

- Að tekið verði upp áframhaldandi samtal við skattinn meðal annars um hvernig hægt væri að einfalda ýmsa hluti er varða skattframtöl lögaðila og að auðveldara verði fyrir félög að sækja um breytilegt reikningsár.
- Að skoðað verði hvort ekki sé ástæða til að samræma betur áritanir endurskoðenda, þar með talið að uppfæra staðlaðar FLE áritanir.
- Að skoðað verði með nýliðun í stéttinni en meðal annars hefur nemum bæði sem velja reikningshald og endurskoðun í viðskiptadeildinni sem og nemum í mastersnámi í reikningsskilum og endurskoðun því miður farið fækkandi.
- Skoða húsnæðismál félagsins en núverandi húsaleigusamningur rennur út í nóvember 2023.
- Að farið verði að huga að því hvenær næsta utanlandsferð á vegum félagsins gæti orðið en síðast var farið til Brussel á árinu 2018 og heppnaðist sú ferð mjög vel en undirbúa þarf slíkt með góðum fyrirvara.

Að lokum langar mig að nefna að í desember síðastliðnum bættust 14 nýir aðilar í hóp löggiltra endurskoðenda og vil ég nota tækifærið og óska þeim öllum innilega til hamingju með árangurinn og bjóða þau velkomin í félagið.

Fyrir hönd stjórnar vil ég líka nota tækifærið og þakka starfsmönnum félagsins fyrir afar gott samstarf. Einnig vil ég þakka öllum félagsmönnum kærlega fyrir framlag þeirra til starfsins á árinu og sérstakar þakkir fá nefndarmenn í hinum ýmsu nefndum félagsins fyrir þeirra góða starf. Þá vil ég einnig þakka meðstjórnarmönnum mínum kærlega fyrir afar gott og ánægjulegt samstarf.



Burtséð frá því hvaða nafni yfirlitinu er gefið, er tilgangur þess að gefa stjórnendum kost á að koma viðbótarupplýsingum á framfæri til lesanda reikningsskilanna

SKÝRSLA STJÓRNAR – LEIÐBEININGAR REIKNINGSSKILARÁÐS

Signý Magnúsdóttir, löggiltur endurskoðandi hjá Deloitte og meðlimur í reikningsskilaráði

Í janúar 2022 gaf reikningsskilaráð út leiðbeiningar varðandi upplýsingagjöf í skýrslu stjórnar og framsetningu þeirra fyrir þau félög sem falla undir ákvæði laga nr. 3/2006 um ársreikninga. Kröfur í lögum um ársreikninga er varðar upplýsingar í skýrslu stjórnar koma úr Evróputilskipun 2013/34/ESB um árleg reikningsskil með síðari viðbótum við tilskipunina, m.a. vegna ófjárhagslegra upplýsinga sem var innleidd í lögum á árinu 2016.

Undanfarið hefur verið í umræðunni hvort að nafngiftin *Skýrsla stjórnar* sé rétt gagnvart þessari framsetningu stjórnenda á upplýsingagjöf sinni í formi yfirlits, en það verður ekki efni þessarar greinar. Burtséð frá því hvaða nafni yfirlitinu er gefið, er tilgangur þess að gefa stjórnendum kost á að koma viðbótarupplýsingum á framfæri til lesanda reikningsskilanna. Yfirlitið gefur því stjórnendum félags tækifæri til þess að byggja upp traust gagnvart haghöfum félagsins, með gagnsærri og hlutlausri upplýsingagjöf.

Kröfur um upplýsingagjöf stjórnenda eru ekki nýjar af nálinni. Aukin áhersla hefur verið á slíka upplýsingagjöf á undanföllum árum, sér í lagi hér á landi eftir að kröfur um ófjárhagslega upplýsingagjöf voru settar í lög um ársreikninga með breytingum sem innleiddar voru á árinu 2016. Þrátt fyrir það hafa aðrar kröfur um upplýsingar í skýrslu stjórnarlagalega verið til staðar fyrir þann tíma í lögnum.

Alþjóðlega reikningsskilaráðið (IASB) birti fyrst árið 2010 leiðbeiningar (e. management commentary) um það hvaða upplýsingar stjórnendur félaga, sem gerðu reikningsskil í samræmi við IFRS, ættu að íhuga að birta í skýrslugjöf með ársreikningi. Leiðbeiningarnar eru ekki staðlar, sem þýðir það að stjórnendum félaga ber ekki að fara eftir þeim nema gerð sé lagaleg krafa um það í því umhverfi sem félagið starfar í. Mörg félög nýta sér þó þessar leiðbeiningar og má sem dæmi nefna að kauphöllin í Sviss gerir ekki kröfu um skýrslu stjórnenda, en félög sem gera þar reikningsskil sín í samræmi við IFRS veita öll upplýsingar um fjárhagsstöðu og framtíðarþróun í árlegum reikningsskilum þar sem það er talið hluti af ábyrgri skýrslugjöf. Uppfærsla á leiðbeiningum IASB hófst á árinu 2018 en ákveðið var seint á árinu 2022 að skoða það verkefni á viðtækari hátt, jafnvel með alþjóðlega sjálfbærni ráðinu (ISSB), sem mögulegan hluta af stærra verkefni IASB um samþætta skýrslugjöf félaga (e. integrated reporting).

Undanfarin ár hafa upplýsingar í skýrslu stjórnar verið áhersluatriði í eftirliti ársreikningaskrár og oft hefur komið fram í áhersluatriðunum að ástæðan sé sú að verulegra umbóta sé þörf í upplýsingagjöfinni sjálfri eða framsetningu hennar. Á árinu 2021 kom eftirfarandi fram í áhersluatriðunum: *Það er mat ársreikningaskrár að veruleg vanhöld hafa verið á því á undanföllum árum að fjallað hafi verið með fullnægjandi hætti um starfsemi viðkomandi félags, þróun, stöðu og árangurs*

í rekstri auk annarra atriði sem þar þurfa að koma fram í samræmi við ákvæði 65. gr. og 66. gr. laga nr. 3/2006.

Íslensk félög sem flokkast sem meðalstór og stór samkvæmt skilgreiningu laga um ársreikninga, þurfa að birta í þessu yfirliti, til viðbótar við þær kröfur sem koma fram í 65. grein laganna, glögggt yfirlit yfir þróun og árangur í rekstri félagsins og stöðu þess ásamt lýsingu á megináhættum og óvissuþáttum sem það stendur frammi fyrir. Yfirlitið skal vera heildstæð og ítarleg greining á þróun og árangri í rekstri félagsins og stöðu þess í samræmi við umfang rekstrarins og hve margbrotinn hann er. Að svo miklu leyti sem nauðsynlegt er til að skilja þróun, árangur og stöðu félagsins skal greiningin fela í sér lykilverbenda um árangur sem eru bæði fjárhagslegir og, eftir því sem við á, ófjárhagslegir og varða tiltekið félag, þ.m.t. upplýsingar í tengslum við umhverfis- og starfsmannamál. Sem greiningartæki skal skýrslan, eftir því sem við á, fela í sér tilvísanir til fjárhæða sem settar eru fram í árlegum reikningsskilum, og frekari skýringar á þeim.

Eins og sést hér að ofan er efnissvið þeirra upplýsinga sem ber að birta viðamikil og nær yfir bæði áhættu og óvissuþætti. Þetta eitt og sér krefst í mörgum tilfellum ítarlegs mats á þessum þáttum, gæðum þeirra gagna sem notuð eru til þess að draga ályktanir sem og að setja fram þessar upplýsingar á hlutlausan, skiljanlegan og hnitmiðaðan hátt.

Áður en farið er að vinna gögn til þess að fullnægja þessari upplýsingaskyldu er mikilvægt að hafa í huga það sem

fram kemur í 1. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 696/2019 um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga.

Þar segir að það hversu ítarlegar upplýsingar þarf að veita í skýrslu stjórnar ræðst m.a. af því hversu margbrotin starfsemi félagsins er, umfangi rekstrar og stærð viðkomandi félags.

Skýrsla stjórnar er hluti af ársreikningi samkvæmt 3. gr. laga um ársreikninga og því er skilgreining á mikilvægi einnig viðeigandi við gerð hennar. Skilgreining á mikilvægi er að finna 28. tölulið 2. greinar laga um ársreikninga: *Upplýsingar eru mikilvægar ef það að þeim sé sleppt eða þær séu rangar getur haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur reikningsskilanna kunna að taka á grundvelli þeirra. Mikilvægi einstakra liða skal metið í tengslum við aðra sambærilega liði.*

Leiðbeiningar reikningsskilaráðs sem finna má á heimasíðu ráðsins veita góða aðstoð við gerð skýrslu stjórnar. Jafnframt má benda á að á árinu 2017 birti ESMA ítarlegar leiðbeiningar um ófjárhagslega upplýsingagjöf (kröfur greinar 66.d í lögum um ársreikninga). Umræðan í reikningsskilaheiminum hefur í nokkur ár snúist um að auka upplýsingagjöf frá félögum gagnvart ófjárhagslegum þáttum og má búast við því að sú umræða aukist og að þróun krafna um skýrslugjöf aukist enn frekar. Því er mikilvægt að leggja aukna vinnu í þessa kröfum um upplýsingagjöf sem gerð er til félaga í lögum um ársreikninga og horfa frekar á hana sem leið til að auka traust haghafa á félaginu en aukna byrði.

MYNDIR ÚR FÉLAGSSTARFINU ÁRIÐ 2022



Yfirferð löggildingarprófs í september 2022



Dæmi eru um að milligönguaðilar hafi hafnað því að taka að sér þjónustu líkt og vörslu íslenskra hlutabréfa þar sem kröfur um upplýsingagjöf séu of miklar hér á landi en sem dæmi liggja upplýsingar um upphaflegt kaupverð verðbréfa oft ekki fyrir.

FJÁRMAGN Í ÁLÖGUM: SKATTLAGNING VERÐBRÉFAVIÐSKIPTA OG FJÁRMAGNSMARKAÐA

Þorvarður Arnar Ágústsson, lögmaður hjá Deloitte Legal

Skattlagning fjármagnstekna hefur lengi verið bitbein í almennri og pólitískri umræðu, ekki síst þegar skattbyrðin er borin saman við skatt á launatekjur. Skattur er eitt helsta verkfæri ríkisvaldsins til tekjuöflunar en ákvarðanir um að auka skattbyrði eru að meginstefnu til gagnsæjar þó að sjaldnast séu þær vinsælar. Önnur leið til að fjármagna hagkerfið er peningarentun, sem er að ýmsu leyti ógagnsærri og þar með síður til þess fallin að vekja jafn hörð viðbrögð og umbúðalaus skattlagning. Við peningarentun rýrnar kaupmáttur peninga vegna framboðs aukningar gjaldmiðilsins þótt ýmsar leiðir séu færar til að reyna að hafa áhrif á hvernig verðbólga sem af hlýst brýst fram. Með verulegri einföldun má því segja að skattlagning launatekna sé fyrsti bitinn sem tekinn er af kökunni þegar tekjurnar berast og verðbólga sé seinni hlutinn sem tekinn er af þeim hluta teknanna sem eftir stendur að frádregnum útgjöldum og eyðslu. Standi sparnaðurinn óhreyfður þynnist hann sífellt meira út eftir því sem árin líða.

Fjármagnseigendum er því þörf á að annað hvort eyða fjármagni eða ávaxta það til að forðast að andvirði sparnaðarinn renni sér úr greipum. Við slíka ávöxtun verða til fjármagnstekjur og er þar þriðji bitinn tekinn af kökunni í formi fjármagnstekjuskatts. Gildir í því sambandi einu hvort raunávöxtun er neikvæð, þ.e. ef hún er undir verðbólguælingum, eða jákvæð. Ljóst er þó að

fjármagnseigendum er nauðsynlegt að leita eftir ávöxtun svo þeir sitji ekki eftir með sárt ennið, með sífellt rýrnandi sparnað, hvort sem þeim tekst að ávaxta sig úr viðjum verðbólgunnar eða ekki. Þjóna hér fjármagnsmarkaðir lykilhlutverki við að leiða saman fjármagnseigendur og þá sem þörf hafa fyrir fjármagn.

TVÍHLIÐA MARKAÐUR

Hin hliðin á peningnum eru þeir sem þörf hafa fyrir fjármagn. Fjármagnsmarkaðir eru öflug leið til að miðla fjármagni til fyrirtækja sem þurfa á því að halda. Fjármögnun fyrirtækja er til þess fallin að stuðla að hagvexti enda stuðlar hún að uppbyggingu og þeirri virðisráðgjöf sem nauðsynleg er fyrirtækjum til að afla tekna með sjálfbærum atvinnurekstri. Ríkisvaldinu er þessi hagvöxtur jafnframt nauðsynlegur til þess að sífelld aukning í peningamagni gengisfelli ekki gjaldmiðilinn.

Öflugir fjármagnsmarkaðir eru því efnahagslega mikilvægir og því til næst nauðsynlegir í nútímaríkjum. Hlutabréfamarkaðir höfðu átt undir högg að sækja eftir efnahagshrunið en við lækkan stýrivaxta við upphaf heimsfaraldursins tóku við ævintýralegar hækkningar á hlutabréfamörkuðum. Samhliða lækkan stýrivaxta og af ótta við áhrif stríðsátaka í Úkraínu, svo og vegna þess raunverulega kostnaðar sem hlýst af báðum

breytum, hefur hlutabréfaverð hriðfallið bæði á innlendum og erlendum fjármálamörkuðum. Þörfin fyrir fjármagn er enn mikil og því brýnt að fyrirtæki eigi þess kost að sækja fjármagn frá fjárfestum.

Vonir hafa staðið til þess að fjármagnsinnspýting berist innlendum fyrirtækjum í gegnum aukna þátttöku almennings á fjármálamörkuðum og auknu fjármagni frá erlendum fjárfestum. Má ætla að þátttaka þeirra síðarnefndu vegi hér þungt en væntingar eru um aukið innflæði frá vísitölusjóðum í kjölfar þess að FTSE Russel skráði íslenska hlutabréfamarkaðinn í flokk nýmarkaðsríkja. Það er því ekki úr lausu lofti gripið að ætla að íslenska hagkerfið sjái fram á möguleika á auknu innflæði fjármagns enda standi Ísland ekki sjálft í vegi þess.

SKATTAUMHVERFIÐ

Skattskyldar tekjur teljast hvers konar gæði, arður, laun og hagnaður sem skattaðila hlotnast og metin verða til peningaverðs og skiptir ekki máli hvaðan þær stafa eða í hvaða formi þær eru. Teljast tekjur af fjármálagerningum því almennt til skattskyldra tekna. Segja má að skatttökuheimildir laga nr. 90/2003 um tekjuskatt („TSL“) séu svo víðtækar að ganga megi að því sem vísu að hvers lags verðmætaaukning sé skattskyld nema fyrir finnist undanþága. Í grunninn eru verðbréfavíðskipti skattskyld en einstaklingar þurfa sem dæmi að greiða 22% fjármagnstekjuskatt af söluhagnaði við sölu hlutabréfa samkvæmt 18. gr. TSL, af vaxtatekjum líkt og af skuldabréfum eða hlutdeildarskírteinum samkvæmt 8. gr. og þá er hagnaður af afleiðusamningum skattlagður með sama hætti og í tilvikum sölu á lausafé samkvæmt 1. mgr. 16. gr. TSL. Í tilfelli lögaðila er hagnaður af þessu tagi skattlagður með almennum tekjuskatti sem í tilfelli hlutafélaga fellur undir 20% skattprósentu þó hún leiði ekki í öllum tilvikum til skattgreiðslu vegna ýmissa frádráttarheimilda.

Fjármálafyrirtækjum og öðrum sem hafa milligöngu um verðbréfavíðskipti ber að draga staðgreiðslu af vaxtatekjum (þ.m.t. hlutdeildarskírteinum) og afföllum og skila í ríkissjóð. Séu hlutabréf, sem arður er greiddur af, í vörslu innlends fjármálafyrirtækis vegna rafrænnar skráningar hlutabréfanna í verðbréfamíðstöð, hvílir skylda á viðkomandi verðbréfafyrirtæki til að draga staðgreiðslu af arði og skila í ríkissjóð. Svipuð skylda hvílir á hlutafélögum sem greiða arð til hluthafa sem eru einstaklingar eða erlendir hluthafar. Auk þess ber innlendum aðilum, sem inna af hendi eða hafa milligöngu um greiðslur, skylda til að draga staðgreiðslu af vöxtum af lánum frá erlendum aðilum eða af skattskyldum tekjum sem erlendir aðilar hafa af óskráðum skuldabréfum, afleiðusamningum, af hlutdeildarskírteinum í íslenskum verðbréfasjóðum og af hlutdeild sinni í sérhæfðum sjóðum.

UNDANPÁGUR FRÁ SKATTSKYLDU

Þar sem fjárfestingar eru mikilvæg forsenda fyrir fjármögnun atvinnulífsins, og þar með grundvöllur hagvaxtar, eru ýmsar undantekningar á áður greindu. Sem dæmi greiða hlutafélög í raun ekki tekjuskatt af söluhagnaði hlutabréfa heldur er þeim almennt heimilt að draga sömu fjárhæð frá tekjustofninum á grundvelli 31. gr. TSL. Sambærileg regla gildir um arðgreiðslur á milli félaga. Reglan er nauðsynleg til þess að koma í veg fyrir að hagnaður þynnist þegar hann færast á milli félaga enda eru tekjurnar eftir sem áður skattlagðar í hendi þeirra einstaklinga sem fara með hlutafé í móðurfélaginu við endanlega móttöku. Þannig skapast sömuleiðis hvati til að koma umræddum tekjum skattfrjálst frá móðurfélaginu í aðrar fjárfestingar sem hefur góð áhrif á hagvöxt.

Einstaklingar njóta einnig nokkurra fríðinda en ekki skal reikna skatt af heildarvaxtatekjum eða arðstekjum og söluhagnaði félaga sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði, eða markaðstorgi fjármálagerninga að fjárhæð kr. 300.000 á ári hjá einstaklingi.

VANDINN VIÐ STAÐGREIÐSLU

Ef TSL mæla fyrir um hina endanlegu meðferð skattskyldra tekna mætti orða lög um staðgreiðslu sem fyrirgreiðslu á skatti sem endanlega verði útfærð við álagningu. Lögum sem varða staðgreiðslu af fjármagnstekjum er skipt upp í tvo lagabálka. Annars vegar lög nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjum sem mæla fyrir um skattalega meðferð fjármagnstekna sem renna til innlendra skattaðila, og hins vegar lög nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda, sem að meginstefnu til varða staðgreiðslu af launagreiðslum en taka jafnframt til skattalegrar meðferðar á fjármagnstekjum erlendra aðila sem myndast hér á landi. Eðlilegt er að samræmi sé á milli endanlegrar skattgreiðslu og staðgreiðsluskyldu en svo hefur þó ekki alltaf verið. Lengi vel þurftu félög að greiða staðgreiðslu af arðstekjum sem þau tóku við þrátt fyrir að fyrir lægi að sama fjárhæð væri að endingu frádráttarbær.

Það er verðugt verkefni að stilla skattlagningu af með þeim hætti að hún þjóni tilgangi sínum sem tekjuöflun fyrir ríkisvaldið en hindri ekki fjármagnsflæði. Af þeim sökum var skyldan til að halda eftir staðgreiðslu af arðgreiðslum felld brott í ársbyrjun 2020 þegar arðgreiðsla berst frá einu hlutafélagi til annars, enda myndaði staðgreiðsla af slíkum tekjum óþarfa hindrun í ljósi þess að endurkrafa myndaðist við álagningu. Slík undanþága var felld inn í lög nr. 94/1996 um staðgreiðslu skatts af fjármagnstekjum með lögum nr. 33/2020. Sams konar breyting var þó ekki gerð á staðgreiðsluskyldu er varðar arðstekjur sem greiddar eru til erlendra hlutafélaga sem þurfa eftir sem áður að sæta staðgreiðslu af arðstekjum og geta í framhaldi krafist endurgreiðslu á útlögðum skatti með því að skila skattframtali á næsta gjaldári ef um er að ræða hlutafélög sem heimilisföst eru í öðru aðildarríki á Evrópska efnahagssvæðinu, EFTA-ríki eða Færeyjum.

Tvísýnt er hvort mismunandi skattaleg meðferð fjármagnstekna eftir búsetu samræmist 40. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sem mælir fyrir um að engin höft skuli vera á milli samningsaðila á flutningum fjármagns né nokkur mismunun byggð á ríkisfangi, búsetu eða því hvar fé er notað til fjárfestinga. Ekki síður mikilvægt er að lögum nr. 33/2020 var einmitt ætlað að afnema það óhagræði sem hlýst af staðgreiðsluskyldu skatta af tekjum sem í raun eru ekki skattskyldar samkvæmt TSL en slíkt óhagræði er þeim mun meira í tilfelli erlendra lögaðila, sem almennt þyrftu ekki að skila skattframtali hér á landi af öðrum ástæðum en til að fá endurgreiðslu.

Óhagræði af þessu tagi er óumdeilanlegt en sem dæmi var staðgreiðsla skatts af söluhagnaði íslenskra hlutabréfa afnumin með sömu lögum nr. 33/2020, að því er varðar erlenda aðila. Tilefni breytingarinnar var að endurgreiðslur ríkissjóðs vegna staðgreiðslu af söluhagnaði íslenskra hlutabréfa námu orðið það verulegum fjárhæðum að ljóst var að fyrirkomulagið skilaði litlum tekjum í ríkissjóð en olli því að aðilar með takmarkaða skattskyldu höfðu af því óhagræði að eiga viðskipti með íslensk hlutabréf. Að sama skapi var staðgreiðsla af vaxtatekjum af skuldabréfum sem skráð eru hjá verðbréfamiðstöð í aðildarríki Efnahags- og framfarastofnunarinnar í París (OECD), aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins, EFTA-ríki eða í Færeyjum afnumin. Hér hafa tvísköttunarsamningar einkum áhrif sem að jafnaði mæla fyrir um að skattleggja beri tekjur af hlutabréfum og vaxtatekjum í heimilisríki skattaðilans. Aftur á móti mæla tvísköttunarsamningar iðulega einnig fyrir um að lækka beri hlutfall skatts á arðgreiðslur með einhverju hætti.

Fyrirkomulag af þessu tagi felur í sér að erlent félag sem hyggst fjárfesta í íslensku félagi þarf í fyrsta lagi að óska eftir undanþágu á grundvelli tvísköttunarsamnings til að lækka staðgreiðslu; í öðru lagi þarf það að sæta eftirstæðri staðgreiðslu; og í þriðja lagi að óska eftir endurgreiðslu á þeirri fjárhæð á næsta gjaldári (eftir því sem við á). Fyrirkomulagið skilar því engu í ríkissjóð þegar upp er staðið en hefur fælingarmátt á erlenda fjárfesta vegna kostnaðar og tíma sem fer í ferlið.

HINDRANIR FYRIR ÖNNUR FÉLAGAFORM

Endurgreiðsluheimildir eru einnig bundnar við félög sem starfa samkvæmt hlutafélagalöggjöf og lækkanir á grundvelli tvísköttunarsamnings bundnar við sjálfstæða lögaðila. Þessi takmörkun gerir ýmsum fjárfestingarsjóðum erfitt fyrir en fjárfestingarsjóðir eru almennt ekki sjálfstæðir skattaðilar. Sjóðir sem starfa samkvæmt lögum um verðbréfasjóði og lögum um rekstraraðila sérhæfðra sjóða eru undanþegnir staðgreiðslu samkvæmt 3. mgr. 2. gr. laga um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur en sú regla gildir einnig almennt um innlend verðbréfafyrirtæki. Sams konar undanþágu er ekki að finna í lögum nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda sem gildir líkt og áður segir um fjármagnstekjur erlendra aðila.

Sjóðafyrirkomulagið hefur þótt góð leið fyrir almenna fjárfesta til að dreifa fjárfestingu á ódýran máta. Fjárfestar sem eignast hlutdeildarskírteini í fjárfestingarsjóði greiða skatt af hagnaði líkt og um vaxtatekjur sé að ræða. Erlendir sjóðir starfa hins vegar eftir mismunandi félagaförum sem falla illa að íslensku regluverki. Í bindandi álit nr. 6/2021 fjallaði Skatturinn um ICAV félög, sem er sérstakt félagaför um fjárfestingarsjóði, og tók fram að ICAV sé ekki félag af þeim toga sem hafi heimild til að nýta sér heimild 9. tölul. og 9. tölul. a 31. gr. TSL og geti því ekki dregið móttekinn arð og söluhagnað vegna sölu á hlutum í innlendum félögum frá skattskyldum tekjum sínum á Íslandi. Í ákvarðandi bréfi 2/2010 tók Skatturinn sömuleiðis fram að svo kölluð SICAV félög í Lúxemborg geti ekki nýtt sér ákvæði tvísköttunarsamningsins á milli Íslands og Lúxemborgar.

LÖGSÖGUFLÓTTI MEÐ FLÓKNARI FJÁRMÁLAGERNINGUM

Lítill ástæða er fyrir sjóði til að fjárfesta í íslenskum markaði ef að skattaumhverfið er of óhagstætt, sér í lagi þar sem aðrar leiðir eru færar til að tengja afkomu sjóðanna við íslensk hlutabréf eða vísitölu. Sjóðum býðst sem dæmi að gera frekar samning við erlend verðbréfafyrirtæki um tilbúna (e. *synthetic*) fjármálagerninga líkt og tilbúna skiptasamninga (e. *synthetic swaps*) sem kveða fyrir um greiðslur til sjóðsins frá hinu erlenda verðbréfafyrirtæki í samræmi við þróun hlutabréfaverðs nánar tilgreinds félags hér á landi og þeirra arðgreiðslna sem borist hefðu á samningstíma hefði sjóðurinn talist hluthafi.

Afleiðusamningar af þessu tagi hafa í sjálfu sér ekki slíka tengingu við íslenska lögsögu að þeir falli undir skattlagningarheimildir tekjuskattslaganna. Undir venjulegum kringumstæðum myndi hið erlenda verðbréfafyrirtæki baktryggja (e. *hedge*) stöðu sína með því að fjárfesta sjálft í hinum undirliggjandi verðbréfum og gæti þá eftir atvikum nýtt sér tvísköttunarsamninga og/eða endurgreiðslu á afdreginni staðgreiðslu til komast hjá endanlegum tekjuskatti vegna hagnaðar af hinum undirliggjandi verðbréfum. Ekki verður þó séð að rök standi til þess að reisa hindranir af þessu tagi og gera einföld viðskipti flókin þegar hinn endanlegi skattur er oftast en ekki enginn.

SJÁLFSKAPADUR VANDI

Umstangið eitt og sér er fráhrindandi og á þá enn eftir að taka tillit til mögulegs óhagræðis sem erlend verðbréfafyrirtæki kunna að verða fyrir ef þau annast milligöngu um kaup og sölu fjármálagerninga hér á landi, þar sem þau sjálf verði gerð ábyrg fyrir að halda eftir staðgreiðslu af hagnaði viðskiptavina sinna á grundvelli 3. gr. laga nr. 45/1987, og sinna upplýsingaskyldu samkvæmt 2. mgr. 92. gr. TSL. Dæmi eru um að milligönguaðilar hafi hafnað því að taka að sér þjónustu líkt og vörslu íslenskra hlutabréfa þar sem kröfur um upplýsingagjöf séu of miklar hér á landi en sem dæmi liggja upplýsingar um upphaflegt kaupverð verðbréfa oft ekki fyrir. Fyrirkomulagið hentar einnig ansi illa að því er varðar notkun tvísköttunarsamninga. Erfitt er fyrir verðbréfafyrirtæki

sem skráð er fyrir verðbréfum á grundvelli safnskráningar að hafa umsjón og yfirsýn með undanþágum á grundvelli tvísköttunarsamninga f.h. raunverulegra eigenda þar sem að baki hverjum viðskiptum geta verið langar keðjur af milligönguaðilum, þ.m.t. sjóðum.

Gagnrýni af þessu tagi er í sjálfu sér ekki ný en vegna þess mikla áhuga sem erlend verðbréfafyrirtæki hafa sýnt hinum íslenska fjármagnsmarkaði nýverið er einföldun orðin ákallandi til að styðja við aukinn hagvöxt hér á landi og aðgengi fyrirtækja að fjármagni.

Skipan stjórnar og fastanefnda FLE

Starfsárið 2022 - 2023



Félagsstjórn frá vinstri: Hólmgrímur Bjarnason formaður, Krístrún Helga Ingólfssdóttir varaformaður, Ingunn Hafðís Hauksdóttir, Eymundur Sveinn Einarsson og Sighvatur Halldórsson

Álitsnefnd: Hólmgrímur Bjarnason formaður, Krístrún Helga Ingólfssdóttir varaformaður, Bryndís Björk Guðjónsdóttir, Margrét Flóvenz, J. Sturla Jónsson og Margrét Flóvenz, varamaður

Endurskoðunarnefnd: Sara Henný H. Arnbjörnsdóttir formaður, Eypór Guðjónsson, Hrafnhildur Helgadóttir og Níels Guðmundsson

Gæðanefnd: Ísak Gunnarsson formaður, Berglind Klara Daníelsdóttir, Rúnar Bjarnason og Fríða Rúnarsdóttir

Menntunarnefnd: Gunnar Þór Tómasson formaður, Hildur Sigurðardóttir, Mikael Símonarson og Díana Hilmarsdóttir

Reikningsskilanefnd: Helgi Einar Karlsson formaður, Andri Guðmundsson, Þórunn Mjöll Jónsdóttir og Theodór Ingi Pálmason

Skattanefnd: Kjartan Arnfinnsson formaður, Anna Þóra Benediktsdóttir, Steingrímur Sigfússon og Daníel Jón Guðjónsson



IFRS 17 gildir um váttryggingarsamninga sem þýðir að staðallinn hefur áhrif á öll fyrirtæki sem gefa út váttryggingarsamninga

IFRS 17, NÝR REIKNINGSSKILA-STAÐALL FYRIR VÁTTRYGGINGAR-SAMNINGA

Herbert Baldursson, löggiltur endurskoðandi hjá PwC

Nú um áramótin tekur gildi nýr reikningsskilastaðall fyrir váttryggingarsamninga, IFRS 17, sem kemur í stað IFRS 4. Staðallinn hefur fyrst og fremst áhrif á váttryggingafélög sem nota IFRS. Þetta eru stór félög í öllum heimshlutum, en áætlað er að heildareignir þeirra váttryggingafélaga sem voru á markaði árið 2015 hafi verið 13 billjónir dollara, samt voru þau aðeins 450 að tölu.

IFRS 17 var gefinn út í maí 2017 og átti í byrjun að taka gildi frá og með 1. janúar 2021, en hins vegar var innleiðingu staðalsins frestað og nú tekur hann gildi frá og með 1. janúar 2023. Fyrirtæki hafa getað valið að beita IFRS 17 fyrir þann tíma, en aðeins ef þau hafa einnig tekið upp staðallinn IFRS 9 Fjármálagæringa. Því tryggingafélög sem hafa notað IFRS 4 fram til áramóta gátu valið að taka ekki upp IFRS 9 árið 2018 þegar önnur félög urðu að gera það. Því eru mörg váttryggingafélög sem eiga að taka upp báða þessa staðla nú um áramótin.

VINNA VIÐ STAÐAL FYRIR VÁTTRYGGINGARSAMNINGA

Alþjóðlega reikningsskilastaðlaráðið, eða í raun forveri þess, byrjaði að skoða staðal fyrir váttryggingarsamninga árið 1997. Vinna við staðallinn tók auðvitað tíma og það þótti ekki fýsilegt

að taka upp slíkan staðal í þann mund sem mörg fyrirtæki voru að taka upp IFRS staðlana, sem var 2005. Því var vinnunni skipt upp í tvennt.

IFRS 4

Fyrri áfanginn fólst í að gefa út IFRS 4 árið 2004, en sá staðall kom með takmarkaðar endurbætur á reikningsskilaaðferðum vegna váttryggingarsamninga, og gerði meiri kröfur um skýringar. En IFRS 4 átti alltaf að vera staðall til bráðabirgða, staðlaráðið ætlaði alltaf að koma með endurbættan staðal þar sem IFRS 4 leyfði svo fjölbreyttar reikningsskilaaðferðir. Sérstaklega fól IFRS 4 í sér „tímabundna undanþágu“ sem sagði beinlínis að félag þyrfti ekki að tryggja að reikningsskilaaðferðir hennar hafi þýðingu eða komi að notum fyrir ákvarðanir notenda reikningsskilanna eða að slíkar reikningsskilaaðferðir séu áreiðanlegar. Fyrir vikið var mikill fjölbreytileiki í meðferð váttryggingarsamninga í reikningsskilum á milli aðila sem beita IFRS stöðlunum og innan reikningsskila sumra aðila. Að auki veittu sum þessara reikningsskila ekki gagnlegar upplýsingar um váttryggingarsamninga fyrir notendur reikningsskila. Hér þarf að taka fram að hér er staðlaráðið að ræða almennt um reikningsskil þeirra váttryggingafélaga víðsvegar um heim

IFRS 4 — vantar samanburðarhæfni	IFRS 17 — samræmdar reikningsskilaaðferðir
Samanburður á milli fyrirtækja og á milli landa	
Reikningsskil vegna váttryggingarsamninga er verulega mismunandi á milli fyrirtækja sem starfa í mismunandi löndum.	Fyrirtæki munu beita samræmdum reikningsskilaaðferðum fyrir alla váttryggingarsamninga.
Samanburður á milli váttryggingarsamninga	
Dótturfélög sumra fjölþjóðlegra fyrirtækja geta notað mismunandi reikningsskilaaðferðir fyrir sams konar váttryggingarsamninga, mismunur sem getur farið eftir því í hvaða landi samningarnir eru gerðir.	Fjölþjóðleg fyrirtæki munu meta váttryggingarsamninga með sama hætti hjá öllum félögum samstæðunnar, sem gerir það auðveldara að bera saman niðurstöður eftir samningum og landsvæðum.
Samanburður á milli atvinnugreina	
Sum fyrirtæki nota innborganir við tekjuskráninguna. Þetta er frábrugðið reikningsskilaaðferðum í öðrum atvinnugreinum, einkum bönkum og fjárfestingafélögum.	Tekjur munu endurspeglja þá tryggingavernd sem er veitt, en ekki innborganir, með sama hætti og í öðrum atvinnugreinum.

IFRS 4—Lítið gagnsæi eða takmarkað gagn af upplýsingum	IFRS 17 – Gagnsæri og gagnlegri upplýsingar
Upplýsingar um mat á váttryggingarskuldbindingum	
Sum fyrirtæki meta váttryggingarsamninga með því að nota úreltar upplýsingar.	Fyrirtæki munu meta váttryggingarsamninga á gangvirði.
Sum fyrirtæki hugsa ekki um tímavirði peninga við mat á skuldum vegna krafna.	Fyrirtæki munu endurspeglja tímavirði peninga í áætluðum greiðslum vegna uppgjörs á tjónum.
Sum fyrirtæki meta váttryggingarsamninga miðað við verðmæti fjárfestinga í eignasöfnum sínum.	Fyrirtæki munu meta váttryggingarsamninga sína með því að byggja eingöngu á þeim skuldbindingum sem stofnað er til með þessum samningum.
Upplýsingar um arðsemi	
Sum fyrirtæki veita ekki samræmdar upplýsingar um það hvernig sá hagnaður sem þau færa af váttryggingarsamningum verður til.	Fyrirtæki munu veita samræmdar upplýsingar um þætti núverandi og framtíðarhagnaðar af váttryggingarsamningum.
Mörg fyrirtæki bjóða upp á valkosti við mat á árangri – non-GAAP mót – til að bæta við IFRS 4 upplýsingar, svo sem upplýsingar um innbyggt virði.	Fyrirtæki og notendur reikningsskila mun nota færri non-GAAP mót; upplýsingar skv. IFRS 17 gera raunverulegan samanburð mögulegan.

sem nota IFRS. Því hafa reikningsskilaaðferðir sem tryggingafélögin hafa notað hingað til þróast í takt við aðstæður í viðkomandi löndum; oft fjalla aðferðirnar aðeins um þá tryggingarsamninga sem eru algengastir í því landi. Í mörgum tilfellum eru reikningsskilaaðferðirnar sem tryggingafélögin nota ekki í samræmi við þá IFRS staðla sem beitt er af öðrum atvinnugreinum í sama landi — sem auðvitað takmarka samanburð við aðrar atvinnugreinar.

IFRS 17

Seinni hluti vinnunnar er nú komin fram með IFRS 17, sem er heildstæður staðall með samræmdum meginreglum fyrir reikningsskil váttryggingarsamninga. Staðallinn á að taka burt núverandi ósamræmi í reikningsskilaaðferðum sem IFRS 4 hefur gefið möguleika á, og gerir fjárfestum, sérfræðingum og öðrum kleift að bera markvisst saman fyrirtæki, samninga og atvinnugreinar.

Á HVERJA HEFUR STAÐALLINN ÁHRIF?

IFRS 17 gildir um váttryggingarsamninga sem þýðir að staðallinn hefur áhrif á öll fyrirtæki sem gefa út váttryggingarsamninga. Slíkir samningar eru almennt ekki gerðir í öðrum fyrirtækjum en váttryggingafélögum en þó getur það verið. En ýmsir samningar sem fyrirtæki gera, svo sem vegna vöruábyrgða, heyr ekki undir þennan staðal.

HVAÐ BREYTIST?

Samkvæmt IFRS 17 verða fyrirtæki að meta váttryggingarsamninga með því að nota uppfært mat og forsendur sem endurspeglar tímasetningu sjóðstreymis og hvers kyns óvissu sem tengist váttryggingarsamningunum. Þessari kröfu er ætlað að veita gagnsæjar upplýsingar um fjárhagsstöðu fyrirtækis og áhættu.

Samkvæmt IFRS 17 verða fyrirtæki að færa hagnað þegar það veitir váttryggingarþjónustu, frekar en hvenær það tekur við iðgjöldum, og að veita upplýsingar um þann hagnað af váttryggingarsamningum félagsins sem það gerir ráð fyrir að færa í framtíðinni. Þessar upplýsingar eru mælikvarði sem hægt er að nota til að meta frammistöðu váttryggjenda og hvernig sú frammistaða breytist með tímanum.

HVERJIR HÖFÐU ÁHRIF Á VINNU VIÐ NÝJAN VÁTTRYGGINGARSTAÐAL?

Alþjóðlega staðlaráðið leitaði eftir og skoðaði endurgjöf frá ýmsum aðilum á hverju stigi vinnunnar við að þróa þennan nýja IFRS staðal fyrir váttryggingarsamninga. Staðlaráðið gaf út þrjár tillögur sem aðilar gátu tjáð sig um og hélt hundruð funda og hringborða. Á vinnslutíma voru meira en 900 fundir haldnir með einstaklingum og hópum fjárfesta, sérfræðingum, fyrirtækjum, tryggingafræðingum, eftirlitsaðilum, staðlaráðum, endurskoðunarfyrirtækjum og öðrum. Haldin voru hringborð, fundir og umræðufundir í 18 löndum árin 2010 og 2013 auk þess sem tillögur að staðli var gefnar út árin 2007, 2010 og 2013 þar sem meira en 600 athugasemdabréf voru móttækin og yfirfarin.

Byggt á IFRS 17 Fact Sheet


úttekið af alþjóðlega reikningsskilastaðlaráðinu

<https://www.ifrs.org/content/dam/ifrs/project/insurance-contracts/ifrs-standard/ifrs-17-factsheet.pdf>

MYNDIR ÚR FÉLAGSSTARFINU ÁRIÐ 2022



Frá Reikningsskiladeginum í september



Páll Óskar
mætti í miklu stuði
á Gleðistund félagsins
í september



Við örar breytingar eins og þessar þarf menntakerfið að bregðast hratt við og tryggja að til staðar verði fólk með tilskylda menntun til að annast innleiðingu breytinganna á farsælan hátt.

MENNTUN ENDURSKOÐENDA – SJÁLFBÆRNIUPPLÝSINGAR OG STAÐFESTING ÞEIRRA

Margret G. Flóvenz, löggiltur endurskoðandi

INNGANGUR

Á undanförunum árum hefur átt sér stað mikil umræða um nauðsyn þess að fyrirtæki birti upplýsingar um starfsemi sína sem nær út fyrir hinar hefðbundnu fjárhagsupplýsingar sem birtast í ársreikningum þeirra.

Evrópusambandið gaf árið 2014 út tilskipun varðandi birtingu upplýsinga um það sem kallað var ófjárhagsleg atriði og fjölbreytni hjá stærri fyrirtækjum¹. Þessi tilskipun var innleidd í Íslenskan rétt með breytingum á lögum um ársreikninga þar sem bætt var inn grein 66.d sem ber fyrirsögnina Ófjárhagsleg upplýsingagjöf² og giltu þau ákvæði frá og með árinu 2016 fyrir einingar tengdar almannahagsmunum og félög sem flokkast sem stór félög í skilningi laganna.

Setning þessara viðbótar krafna byggði á þörf á gagnsæjum upplýsingum um félagslega og umhverfislega þætti í starfsemi fyrirtækja og annarra stórra aðila með það að markmiði að gera

áhættu tengda sjálfbærni sýnilega og auka traust fjárfesta og annarra haghafa.

Í ljósi reynslu þessara fyrstu ára hefur Evrópusambandið nú sett fram tilskipun sem breytir fyrri tilskipun í ýmsum veigamiklum atriðum (CSRD)³. Nýja tilskipunin byggir á því að fyrri tilskipun hafi ekki náð þeim markmiðum sem henni voru ætluð þ.e. að uppfylla þarfir notenda upplýsinganna sem vilja skilja áhættu og tækifæri tengda sjálfbærni en fyrirtæki hafa mörg hver ekki birt þær upplýsingar sem eru nægilegar og viðeigandi og enn síður sambærilegar á milli fyrirtækja. Ákvæði tilskipunarinnar um birtingu sjálfbærniupplýsinga munu gilda frá og með árinu 2024 en ekki liggur fyrir hvenær innleiðingu hennar verður lokið á Íslandi.

Hvað sem innleiðingu lagaákvæða og staðla líður þá hafa fyrirtæki jafnt á Íslandi sem annars staðar hvata til að bæta og auka sjálfbærniupplýsingar sínar nú þegar eins og sjá má

1. Directive 2014/95/EU - NFRD

2. Lög 3/2006

3. Vísað er til nýju tilskipunarinnar sem CSRD – corporate sustainability reporting directive

á þeirri þróun sem orðið hefur á síðustu árum. Þá er líklegt að jafnt og þétt bætist í þann hóp sem mun óska óháðrar staðfestingar á birtum upplýsingum óháð því hvenær slíkar staðfestingar verða skyldar að lögum.

Við örur breytingar eins og þessar þarf menntakerfið að bregðast hratt við og tryggja að til staðar verði fólk með tilskylda menntun til að annast innleiðingu breytinganna á farsælan hátt. Endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki hafa verið meðal þeirra sem leitt hafa innleiðingu sjálfbærniupplýsinga og hafa jafnframt þá grunnþekkingu og tæki sem þarf til að staðfesta slíkar upplýsingar. Það er því gríðarlega mikilvægt að íslenskir háskólar hefji sem allra fyrst kennslu í gerð og staðfestingu sjálfbærniupplýsinga sem hluta af námi í reikningshaldi og endurskoðun á meistarastigi og í framhaldi af því þarf að taka þessa þætti inn í próf til löggildingar í endurskoðun. Þá er ekki síður nauðsynlegt að núverandi endurskoðendur fái aðgang að vandaðri endurmenntun í þessu sviði til að geta tekist á við þau verkefni sem fram undan eru.

Hér á eftir er örstutt samantekt á þeim reglum og breytingum sem orðið hafa og kalla á aðkomu háskóla og fagaðila svo innleiðing þessara mikilvægu upplýsinga megi lánast sem best.

FRAMSETNING SJÁLFBÆRNIUPPLÝSINGA

Ákvæði íslenskra ársreikningslaga og Evróputilskipunarinnar, sem þau eru byggð á fela í sér almenn ákvæði um hinar ófjárhagslegu upplýsingar en ekki er áskilið að þær séu settar fram á tilteknu formi eða eftir tilteknum stöðlum. Leiðbeiningarnar sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur gefið út eru ekki bindandi og eru í raun fremur itarefni með tilskipuninni fremur en staðall um framsetningu og innihald. Allmargir aðilar hafa unnið leiðbeiningar eða staðla sem ná yfir framsetningu og innihald ófjárhagslegra upplýsinga þó enginn staðall hafi enn komið er náð þeirri útbreiðslu að líta megi á hann sem þann eina rétta.

Í CSRD er gert ráð fyrir að settir verði staðlar um sjálfbærniupplýsingar og til þeirra gerðar tilteknar kröfur. Frá því tilskipunartillagan var sett fram hefur EFRAG unnið að gerð sam-evrópskra staðla um sjálfbærniupplýsingar og liggja nú fyrir drög að tveimur grunnstöðlum ásamt samtals ellefu sértækum stöðlum sem taka á upplýsingum um umhverfismál, félagsmál og stjórnarhætti⁴.

Alþjóða reikningsskilanevndin hefur einnig unnið að staðlagerð, í gegnum undirnefnd sína ISSB, og liggja nú fyrri drög að tveimur stöðlum sem fjalla annars vegar almennt um birtingu sjálfbærniupplýsinga og hins vegar sérstaklega um umhverfismál⁵.

Markmið Evrópusambandsins var í upphafi að beita sér fyrir samþættingu þeirrar staðlavinna sem þegar hafði verið unnin eða var í vinnslu. Fyrir liggur skipulag um samráð milli EFRAG og ISSB en ekki er ljóst hversu mikil samþætting þeirra verður. Eigi endurskoðendur að verða í stakk búnir til að staðfesta sjálfbærniupplýsingar sem fyrirtæki veita er nauðsynlegt að þeir búi yfir viðfeðmri þekkingu á þeim stöðlum sem framsettar upplýsingar byggja á.

STAÐFESTING SJÁLFBÆRNIUPPLÝSINGA

Í CSRD er gert ráð fyrir að endurskoðendur staðfesti sjálfbærniupplýsingar með því sem nefnt er takmörkuð víska (limited assurance) en þeim möguleika er haldið opnum að síðar verði krafist nægilegrar vísu (reasonable assurance).

Sá möguleiki er fyrir hendi að öðrum en endurskoðendum verði heimilað að staðfesta sjálfbærniupplýsingar enda uppfylli slíkir aðilar ýmis skilyrði og fái til þess sérstaka löggildingu eða leyfi.

Samkvæmt tilskipuninni skal staðfesting sjálfbærniupplýsinga unnin samkvæmt til þess ætluðum stöðlum líkt og endurskoðun og könnun hefðbundinna fjárhagsupplýsinga. Þá er þess krafist að einstök ríki sjái til þess að endurmenntun, þeirra sem þegar hafa hlotið löggildingu sem endurskoðendur, taki á þekkingu þeirra á sjálfbærniupplýsingum og staðfestingu þeirra.

Alþjóða endurskoðunarnefndin, IAASB hefur gefið út leiðbeiningar um hvernig nota megi núverandi staðal ISAE 3000 um staðfestingavinnu aðra en endurskoðun eða könnun fjárhagsupplýsinga en auk þess er til staðall ISAE 3410 sem fjallar um staðfestingu upplýsinga um gróðurhúsalofttegundir. Þessu til viðbótar hefur IAASB hafið vinnu að gerð nýrra staðla sem snúa beinlínis að staðfestingu sjálfbærniupplýsinga.

INNLEIÐING Í ÍSLENSK LÖG

Gera má ráð fyrir innleiðing CSRD tilskipunarinnar og annarra reglna tengdum sjálfbærni fari eftir hefðbundnum leiðum við innleiðingu Evrópureglna á Íslandi þ.e. í gegn um EES samstarfið og að nokkur bið verði því á að þær öðlist lögförmelegt gildi á Íslandi.

Þrátt fyrir að íslensk fyrirtæki og ýmsir aðrir íslenskir aðilar verði því ekki lögskyldaðir til að veita upplýsingar í samræmi við umræddar reglur og að fá þær staðfestar, fyrr en að nokkrum árum liðnum, má gera ráð fyrir að þróun upplýsingagjafar verði með þeim hætti að víða verði birtar upplýsingar í samræmi við hinar nýju reglur og aflað ytri staðfestingar fyrr en lög krefjast.

Við þær aðstæður má vera ljóst að tíminn til að byggja upp þekkingu á upplýsingagjöfni og staðfestingu hennar er knappur og hættu á að ekki verði til staðar nauðsynleg þekking í landinu til að unnt verði að staðfesta sjálfbærniupplýsingar þegar markaðurinn krefst þess.

Innleiðing tilskipana, reglna og staðla kallar á umfangsmikla vinnu við þýðingu á íslensku. Sú vinna er að jafnaði unnin af þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytisins. Þegar þýðingar eru unnar af öðrum en þeim, sem þekkja til þeirrar fræðigreinar og fags sem fjallað er um, er mikilvægt að vandað sé sérstaklega til verka varðandi hugtakanotkun. Dæmi eru um að við lagasetningu hafi komið inn hugtök sem beinlínis hafi verið ranglega þýdd með tilheyrandi mistúlkun á þeim reglum sem átti að innleiða.

Það er því mikilvægt að fræðasamfélagið, ásamt endurskoðendum og fagfélagi þeirra, komi að innleiðingunni með skilgreiningu á faglegum hugtökum sem eru skýr og skiljanleg og í samræmi við þá hugtakanotkun sem fest hefur í sessi í faginu.

Tímanleg og vönduð aðkoma íslenskra háskóla að kennslu, endurmenntun, innleiðingu og þróun sjálfbærniupplýsinga og staðfestingu þeirra er því lykilatriði í því að hérlendis verði veittar vandaðar, gagnsæjar og gagnlegar upplýsingar um sjálfbærni til hagsbóta fyrir öll þau sem nýta sér slíkar upplýsingar.

MYNDIR ÚR FÉLAGSSTARFINU ÁRIÐ 2022



Ungliðanefndin að störfum á Gleðistundinni



Frá aðalfundi félagsins



Verkefnavinna á vinnustofu á Haustráðstefnunni

4. Public consultation on the first set of Draft ESRS - EFRAG
5. IFRS - IFRS Foundation work plan



Til skattskyldra hlunninda eru metin umráð húsnæðis óháð því hvert umfang eiginlegra afnota umráðanda eru af húsnæðinu

HLUNNINDAMAT VEGNA ÍBÚÐARHÚSA OG FRÍSTUNDAHÚSA

Steingrímur Sigfússon, löggiltur endurskoðandi hjá KPMG

ÍBÚÐARHÚS EÐA FRÍSTUNDAHÚS Í EIGU FÉLAGS NOTAÐ AF FORRÁÐAMENNI FÉLAGSINS.

Nokkuð er um að félög, einkum einkahlutafélög, eigi íbúðar- og/eða frístundahúsnæði sem notað er af eiganda félags eða forsvarsmanni þess. Hér eru raktar skattreglur sem taka til þeirra aðstæðna, bæði er varða félagið og notandann (umráðandann).

Með íbúðarhúsnæði er hér átt við húsnæði sem er skipulagt og skráð sem íbúðarhúsnæði og er til þess fallið að fólk geti haft þar fasta búsetu og skráð lögheimili sitt. Sú afmörkun á sér fyrirmyndir í skattframkvæmd. Má t.d. nefna úrskurði yfirskaðanefndar nr. 110/2022 og nr. 76/2022.

Með frístundahúsnæði er hér átt við húsnæði utan þéttbýlis nýtt af fólki til tímabundinnar dvalar, einkum í frítíma sínum. Sú afmörkun á sér fyrirmyndir í skilgreiningu á frístundahúsnæði í 2. tölul. 2. gr. laga nr. 75/2008, um frístundabyggingu og leigu lóða undir frístundahús.

KOSTNAÐUR AF ÖFLUN OG REKSTRI ÍBÚÐARHÚSNÆÐIS EÐA FRÍSTUNDAHÚSNÆÐIS.

Af dóma- og úrskurðafordæmum verður ráðið að félagi er óheimilt að gjaldfæra í skattskilum vaxtakostnað og rekstrarkostnað, þ.m.t. fyrningar, vegna öflunar og eignarhalds á íbúðarhúsum og frístundahúsum sem notuð eru af hluthöfum,

forráðamönnum eða fólki nátengdu þeim. Á það eins við þótt notandi greiði leigugjald fyrir eða honum eru reiknuð hlunnindi til tekna fyrir afnotin. Helstu fordæmi eru: Dómar Hæstaréttar í málum nr. 344/2005 og 44/2007. Úrskurðir yfirskaðanefndar nr. 115/2016, 74/2017, 159/2019, 84/2020, 92/2020 og 104/2020.

Einnig má benda á að í a. lið 11. gr. reglugerðar nr. 1300/2021, um frádrátt frá tekjum í atvinnurekstri, kemur fram að fyrningar af eignum sem ekki tilheyra atvinnurekstri eru ekki frádráttarþærar og að ef eign er notuð bæði í þágu atvinnurekstrar og í einkaþágu atvinnurekanda sjálfs, verði að meta hve mikið af notkuninni tilheyrir rekstrinum og miða frádráttarþæra fyrningu við það.

SKATTLAGNING UMRÁÐA FORRÁÐAMANNS FÉLAGS

Tekjuhugtakið er skilgreint rúmt í lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt. Samkvæmt upphafsákvæði 7. gr. þeirra nær hugtakið yfir hvers konar gæði sem skattaðila hlotnast og metin verða til peningaverðs, óháð því hvaðan gæðin stafa eða í hvaða formi þau eru. Samkvæmt 118. gr. skal ríkisskattstjóri árlega gefa út reglur um mat hlunninda til tekna og gefa þær út að fenginni staðfestingu ráðherra. Reglurnar eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda.

Skattmatsreglur fyrir tekjuárið 2023 voru birtar 27. desember 2022 undir númerinu 1490/2022. Kafli 2.8 í reglum tekur til hlunninda af húsnæði, hvort sem er innanlands eða erlendis. Reglurnar ná til hlunninda af íbúðarhúsnæði, þ.m.t. bílskúra, og af orlofshúsnæði en takmarkast ekki við slíkt húsnæði. Þær ná einnig til „annars konar húsnæðis“ og eru hesthús og iðnaðarhúsnæði tiltekin í dæmaskyni.

Í skattmatsreglum undanfarinna ára, þ.m.t. fyrir tekjuárið 2023, er hugtakið orlofshúsnæði skilgreint svo: „Með orlofshúsnæði er í þessu sambandi átt við sumarbústaði og annað það húsnæði sem ætlað er til slíkrar notkunar, þ.m.t. íbúðir í þéttbýli, sem og hjólhýsi, fellihýsi, tjaldvagnar og aðrir tengivagnar.“ Skilgreining þessi nær ekki aðeins til fasteigna heldur einnig til tiltekins lausafjár, sbr. orðin hjólhýsi, fellihýsi, tjaldvagnar og aðrir tengivagnar.

Kafli 2.8 skattmatsreglna tekjuársins 2023 inniheldur undirkaflann „Umráð eigenda, framkvæmdastjóra o.fl. yfir fasteignum í eigu rekstraraðila.“ Slíkan undirkafla er fyrst að finna í skattmatsreglum fyrir árið 2022 og höfðu þá að geyma nýmæli. Ákvæðin hljóða svo:

„Eigendur fyrirtækja, framkvæmdastjóra þeirra og aðrir í sambærilegum störfum, sem og stjórnarmenn félaga, skulu ætíð teljast hafa full og ótakmörkuð umráð yfir þeim fasteignum sem þeim eru láttnar í té og þeir hafa til einknota umfram tíu daga á ári.

Endurgjaldslaus umráð framangreindra einstaklinga yfir íbúðarhúsnæði, frístundahúsnæði, hesthúsi, iðnaðarhúsnæði eða öðru húsnæði, hvort sem er innanlands eða erlendis, sem rekstraraðili lætur viðkomandi í té, skulu metin þeim sem í hlut á til tekna samkvæmt eftirfarandi reglum:

Árleg hlunnindi skulu metin til tekna sem jafngildi 5% af kaupverði fasteignar í bókum viðkomandi rekstraraðila, að viðbættum eignfærðum endurbótum á eigninni. Sé fasteignamat eignarinnar í lok næstliðins árs hærra en upphaflegt kaupverð, ásamt fjárhæð eignfærðra endurbóta, skal miða við fjárhæð fasteignamatsins. Sé greidd leiga vegna umráðanna skal hún koma til lækkunar á hlunnindafjárhæð. Færa má niður kaupverð fasteignar og eignfærðar endurbætur um 3% á ári eftir kaupár, uns samanlagðar niðurfærðar fjárhæðir kaupverðs og endurbóta eru jafnar fasteignamati þess árs sem þá á við. Frá þeim tíma skal miða við fasteignamat. Sé umrætt húsnæði leigt til annarra ótengdra aðila skal lækka ársúmráð sem því tímabili nemur.“

Samkvæmt orðanna hljóðan taka reglur undirkaflans aðeins til umráða yfir fasteignum en ekki lausafjárins hjólhýsa, fellivagna, tjaldvagna og annarra tengivagna.

Viðtekin skilgreining á fasteign, sem m.a. er viðhöfð í lögum nr. 6/2011 um skráningu og mat fasteigna, „er afmarkaður hluti lands, ásamt lífrænum og ólífrænum hlutum þess, réttindum sem því fylgja og þeim mannvirkjum sem varanlega eru við landið skeytt.“ Í undirkaflanum er orðið orlofshúsnæði ekki notað og því er í honum ekki fyrir að fara tilvísun til áður nefndrar rúmrar skilgreiningar þess hugtaks.

Tiltekið er að reglurnar taka til eigenda fyrirtækja, framkvæmdastjóra þeirra og annarra í sambærilegum störfum, sem og stjórnarmanna félaga. Hugtakið eigandi er ekki skilgreint. Þannig er óljóst hve stór eignarhlutur manns þarf að vera til að hann teljist vera eigandi í þessu sambandi. Á umræddar reglur hefur ekki reynt í dómum eða úrskurðum yfirskaðanefndar þegar þetta er ritað. Varðandi það til herra reglurnar taka er ekki fráleitt að horfa til skilgreiningar á ráðandi stöðu manns sem sett er fram í 4. mgr. 58. gr. laga nr. 90/2003, en lagagreinin fjallar um skyldu til að reikna manni endurgjald fyrir vinnu í félagi sem hann hefur ráðandi stöðu í. Skilgreiningin hljóðar: „Maður telst hafa ráðandi stöðu í þessu sambandi ef hann einn eða ásamt maka, börnum, foreldrum, systkinum eða öðrum nákomnum ættingjum eða starfandi hluthöfum á samtals 50% hlut eða meira í lögaðila enda eigi hver um sig a.m.k. 5% hlut í þeim lögaðila.“ Síðasti liðurinn nær til hluthafa sem hafa samsvarandi stöðu og hagsmuni gagnvart lögaðilanum. Ekki er heldur fráleitt að horfa til 57. gr. a laga nr. 90/2003 sem fjallar um eigendaskattlagningu hagnaðar lögaðila í lágskattaríki. Ákvæðið á við þegar minnst helmingur eignarhalds á lögaðila í lágskattaríki er beint eða óbeint í eigu íslenskra skattaðila eða stjórnunarleg yfirráð þeirra hafa verið til staðar á viðkomandi tekjuári.

Nýmælin í skattmatsreglum fyrir árin 2022 og 2023 felast í því að í tilvikum fólks með ráðandi stöðu í lögaðila, sökum eignar- eða stjórnunaraðildar, er andlag skattlagningar umráð þess yfir húsnæði lögaðilans en ekki afnot húsnæðisins. Til skattskyldra hlunninda eru metin umráð húsnæðis óháð því hvert umfang eiginlegra afnota umráðanda eru af húsnæðinu. Í skilgreiningu fullra og ótakmarkaðra umráða er þó tiltekið að viðkomandi fasteign sé látin umráðanda í té til einkaafnota umfram tíu daga á ári. Tíu daga regla þessi er til samræmis við þá almennu reglu að tilfallandi og tímabundin endurgjaldslaus afnot starfsmanns í tíu daga eða færri af orlofshúsnæði í eigu launagreiðanda hans skal ekki telja starfsmanni til skattskyldra tekna. Í tilvikum fólks í ráðandi stöðu gagnvart lögaðila er 10 daga reglan til ágreinings fallin. Þótt ákvæði í afnotasamningi um húsnæði, milli lögaðila og umráðanda, tiltaki að afnotaréttur umráðandans miðist við tíu daga eða færri er ekki þar með sagt að ekki beri að reikna honum full umráð til tekna. Kemur það til af því að á umráðandanum hvílir sönnunarbyrði þess að takmörkunin hafi verið virk. Slíkri sönnun verður vart náð fram ef staða umráðandans gagnvart lögaðilanum er slík að eftirlit með því að takmörkunin sé haldin er í raun á höndum umráðandans sjálfs.

Ljóst má þó vera að forráðamaður hefur ekki umráð húsnæðis þann tíma sem öðrum hafa verið veitt umráð þess eða afnot, t.d. með leigusamningi eða með samningi um endurgjaldslaus afnot annarra starfsmanna lögaðilans af húsnæðinu.

Regla þessi um skattlagningu umráða fasteignar á sér samsvörun í skattmatsreglu ríkisskattstjóra varðandi umráð yfir bifreið. Fólk í ráðandi stöðu lögaðila skal skattlagt af umráðum yfir bifreið lögaðilans óháð umfangi afnota. Þá skattmatsreglu setti ríkisskattstjóri fyrst á árinu 1989 en áður hafði skattlagning miðast við afnot. Í Hæstaréttarmáli nr. 356/1999 bar áfrýjandi brögður á að fullnægjandi lagastoð væri fyrir þeirri breytingu á skattmatsreglu. Um þá málsástæðu sagði Hæstiréttur:

„Ákvæði 116. gr. laga um tekju- og eignarskatt var ekki breytt þótt þessi háttur væri upp tekinn. Heldur áfrýjandi því fram að ríkisskattstjóra hafi verið þessi breyting óheimil. Í ákvæðinu sjálfu eða í athugasemdum við það í greinargerð frumvarpsins, sem varð að lögum nr. 75/1981, eru ekki settar efnislegar skorður við því hvernig verðmæti hlunninda skuli metið á hverjum tíma. Hafa skattyfirvöldum lengi verið veittar heimildir í lögum til að setja nánari reglur um mat hlunninda og fleira. Við þessar aðstæður hefur það þótt skipta höfuðmáli hvort reglur þær sem stjórnvaldið setur með heimild í slíkum ákvæðum séu málefnalegar og reistar á almennum efnislegum mælikvarða.

Matsreglur þær sem um ræðir í máli þessu og ríkisskattstjóri setti með heimild í 116. gr. laganna um tekju- og eignarskatt eru einfaldar, hlutlægar og gegnsæjar. Í þeim tilvikum sem hér um ræðir reiknast tekjumatið sem hlutfall af verðmæti bifreiðarinnar að teknu tilliti til aldurs, en án tillits til aksturs launþega í eigin þágu, enda er hann ekki hið eiginlega inntak slíkra hlunninda, heldur hin ótakmörkuðu endurgjaldslausu umráð hans.“

Í eldri skattmatsreglum var ekki að finna reglu um að umráð húsnæðis væru andlag skattlagningar líkt og umráð bifreiðar. Málsatvik í úrskurði yfirsattanefndar nr. 154/2019 voru þau að kona nokkur var helmingseigandi hluta í einkahlutafélagi á móti bróður sínum. Ríkisskattstjóri ákvarðaði konunni skattskyld hlunnindi af umráðum sumarhúss í eigu félagsins miðað við 3.000 kr. fyrir hvern dag ársins að frádregnum 10 dögum á þeirri forsendu að konan hefði haft óheft umráð hússins allt árið. Yfirsattanefnd felldi þá ákvörðun úr gildi þar sem ríkisskattstjóri hafði ekki ákvarðað hlunnindin á réttum grunni. Benti yfirsattanefnd á að samkvæmt þágildandi skattmatsreglum bæri að ákvarða húsnæðishlunnindi fyrir afnot af húsnæði umfram 10 daga, en ekki væri í reglunum kveðið á um ákvörðun hlunninda vegna umráða húsnæðis.

Yfirsattanefnd féllst ekki á það sjónarmið ríkisskattstjóra að horfa til skattmatsreglna um umráð bifreiða, enda greindu skattmatsreglurnar skýrt milli bifreiðahlunninda og húsnæðishlunninda. Ekki er fráleitt að ætla að úrskurður þessi hafi verið kveikjan að því að ríkisskattstjóri breytti skattmatsreglum hvað húsnæði varðar frá því sem verið hafði.

Í kafla skattmatsreglna um húsnæðishlunnindi er kveðið á um að endurgjaldslausu orkunotkun (rafmagn og hita) skuli telja til tekna á kostnaðarverði. Njóti fólk, sem telst hafa full og ótakmörkuð afnot húsnæðis, jafnframt endurgjaldslausrar orkunotkunar skal færa kostnaðarverð orkunnar því til skattskyldra tekna til viðbótar skattskyldum tekjum vegna umráða húsnæðisins.

SKATTALEGA ÓHAGKVÆM SKIPAN EIGNARHALDS

Af framangreindu má ljóst vera að almennt er skattalega óhagkvæm sú skipan eignarhalds að félag eigi íbúðarhúsnæði eða frístundahúsnæði sem eigandi félagsins telst hafa umráð yfir. Aðrir þættir en skattalegir kunna þó að ráða slíkri skipan eignarhalds, en um slíka þætti verður ekki fjallað hér.

Ef um er að ræða húsnæði utan Íslands kunna að breyta stöðunni skattareglur í því ríki.



Ungt fólk sem hyggur á frama í endurskoðun horfir á þær fyrirmyndir sem til staðar eru og sér þar hóp af þreyttu fólki sem vinnur dag og nótt í of marga mánuði á ári.

ÞAÐ ER EKKI Í TÍSKU AÐ VINNA YFIR SIG


Valgerður Kristjánsdóttir – löggiltur endurskoðandi hjá PwC

Endurskoðunarstéttin í heild sinni stendur á tímamótum. Viðskiptamódel sem virkuðu fyrir tuttugu árum virka ekki lengur. Einu sinni var í tísku að svara tölvupóstum seint á kvöldin og um helgar. Það var í tísku í raun að vera alltaf til staðar fyrir viðskiptavininn alveg sama hvað klukkan var eða hvaða dagur var. Núverandi viðskiptamódel endurskoðanda hefur það í för með sér að um er að ræða viðvarandi álag á flestum starfsmönnum endurskoðunarfyrirtækja. Hvað er það sem ekki er að ganga upp? Erum við að ráða of fáa? eru of fáir sem sækja um? Hvað kemur í veg fyrir að við séum með fleiri í vinnu, þannig að vinnuálagið verði ásættanlegt? Getur verið að við sem séum að verðleggja okkar þjónustu of lágt sem m.a. kemur í veg fyrir auknar ráðningar?

Þau vandamál sem endurskoðunarstéttin á Íslandi horfir fram á eru ekki aðeins bundin við Ísland heldur eru endurskoðunarfyrirtæki í okkar nágrennalöndum að horfast í augu við sama vanda.


STAÐA KVENNA Í ENDURSKOÐUNARSTÉTTINI - HVAR ERUM VIÐ STÖDD?

Staða kvenna í endurskoðunarstéttinni á Íslandi hefur styrkst síðustu ár þó enn sé mikið óunnið. Kynjabundinn munur er til staðar en í janúar 2023 eru konur 28% af öllum endurskoðendum og karlmenn 72%.



Eins og súluritið hér fyrir ofan sýnir hefur mikið áunnist en ennþá er þó nokkuð í land.

Góðar vísbendingar að framundan sé jafnara kynjahlutfall innan stéttarinnar er hlutfall kvenna í nýtskrifuðum endurskoðendum en á síðastliðnum 5 árum eru 44% útskrifaðra konur.



Til samanburðar þá má sjá hér að ofan lífaldur allra endurskoðenda á Íslandi.

Mikilvægt er að við sem endurskoðendur tryggjum endurnýjun í stéttinni en til þess að gera það þurfum við að vera með aðlaðandi starfsumhverfi sem dregur að sér hæfileikaríka framtíðar-endurskoðendur.

Endurnýjun stéttarinnar hefur þó gengið hægt. Samkvæmt félagatali FLE þá eru um 415 endurskoðendur í lok desember 2022, 34% endurskoðanda eða 142 endurskoðendur eru 60 ára og eldri á meðan nýútskrifaðir endurskoðendur síðastliðin 10 ár eru 96 eða 23% endurskoðenda. Það er áhyggjuefni að endurnýjun gangi ekki hraðar fyrir sig þar sem þekking og reynsla þeirra sem eru 60 ára og eldri er gríðarlega dýrmæt og þessari þekkingu þarf að miðla niður.

HVAÐ GETUM VIÐ GERT TIL AÐ VIÐHALDA FAGMENNSKU OG ENDURNÝJUN STÉTTARINNAR?

Það ætti að vera mikið hagsmunamál fyrir endurskoðunarskrifstofur og endurskoðendur almennt að tryggja fullnægjandi endurnýjun.

Til að okkar stétt blómstri þurfum við að næra okkar fyrirtæki og okkar stétt innan frá. Ef líkja má faginu við garðyrkju, þá þurfum við að sá fræjum svo upp komi blóm og blómumun þarf að sinna.

Að mínu mati þarf margt að breytast svo að fagið geti kallast aðlaðandi stétt til að starfa í.

Vinnuálagið þarf fyrst og fremst að breytast. Ungt fólk sem hyggur á frama í endurskoðun horfir á þær fyrirmyndir sem til staðar eru og sér þar hóp af þreyttu fólki sem vinnur dag og nótt í of marga mánuði á ári. Við sem endurskoðendur þurfum að muna að við erum fyrirmynd þeirra sem á eftir koma.

STARFIÐ ÞARF AÐ VERA AÐLAÐANDI FYRIR ALLA

Tölfræðin sýnir okkur að á heimsvísu eru konur í meirihluta í meistaranámi í háskólum. Gera má ráð fyrir því að við

ráðningar séu flestar endurskoðunarskrifstofur með nokkuð jafnt kynjahlutfall. Þegar kemur að löggildingarprófum í endurskoðun þá virðist sem við séum ekki að fá allar konur sem ráðnar voru inn sem nema í prófin og enn færri verða síðar að meðeigendum eða stjórnendum. Hvað veldur?

Ef við veltum fyrir okkur hvort jöfn tækifæri séu til staðar fyrir bæði kynin þá hallar á kvenþjóðina og þá sérstaklega ungar mæður.

Mikið hefur verið rætt um þriðju vaktina á netmiðlum landsins en þessi þriðja vakt er raunveruleg og það hafa rannsóknir og viðtöl við konur staðfest að þriðja vaktin liggja almennt meira hjá konum en körlum óháð því hvort konan sé í ábyrgðastöðu í vinnu eða ekki. Konur sem vinna við stjórnunarstörf/ sérfræðistörf hafa sagt árum saman að fyrir þeim sé samþætting vinnu og fjölskyldulífs með sveigjanlegum vinnutíma mjög mikilvæg til að ná árangri í starfi. Áhugavert er að í sömu viðtölum sögðu karlmenn að þeim þætti sveigjanleiki í starfi ekki vera eins mikilvægur sem endurspeglar þá staðreynd að oft eru það konur sem bera meiri ábyrgð á herðum sér hvað varðar utnumhald heimilisins.

Endurskoðunarskrifstofur þurfa að huga að þessum þætti og horfast í augu við þessar staðreyndir og veita starfsmönnum meiri mögulega á að samþætta vinnu og fjölskyldulíf með sveigjanlegum vinnutíma. Eru hlutastörf möguleiki? Það er nefnilega þannig að sá sem vinnur flesta klukkutímana er ekki endilega sá sem er besti starfskrafturinn.

Starf endurskoðanda þarf að vera aðlaðandi fyrir bæði kynin.

Endurskoðunarskrifstofur þurfa að skoða hvað það er sem eykur starfsánægju og vellíðan starfsmanna þannig að starfskraftar þeirra nýtist sem best. Við viljum að starfsfólk blómstri og að við njótum hæfileika og styrkleika hvers og eins. Oft gleymist að eftir því sem álagið eykst hjá starfsfólki minnka afköstin.

STAÐALÍMYND KYNJANNA

Í endurskoðunarstéttinni hafa karllægar staðalímyndir verið ríkjandi í mörg ár og það er mitt mat að jafnrétti muni ekki nást fyrr en kvenlægum gildum sé gert jafnt undir höfði og þeim karllægu.

Staðalímyndir eru skilgreindar af fyrirfram ákveðnum hugmyndum um m.a. eiginleika einstaklinga, stjórnunarstíl þeirra og fleira. Huglægt mat ræður oft á tíðum ferðinni. Karllægar staðalímyndir einkennast sem dæmi af áhættusækni, samkeppni, aga, styrk og sjálfstrausti. Sem dæmi um kvenlegar staðalímyndir má t.d. telja til innsæi, þolinmæði, fjölbreytileika, aðlögunarhæfni og mildi.

Samantekið má e.t.v. segja að helsti munurinn á karllægum

gildum og kvenlægum sé að kvenleg gildi eru almennt mýkri. Rannsókn sem unnin var á stöðu kvenna og karla á Íslandi 2015 af Velferðarráðuneytinu sýndi að kvenstjórnendur töldu að eina leiðin til að geta klifið metorðastigann væri að reyna að vera „ein af strákunum“, reyna að stjórna eins og karlmaður en láta ekki mjúku gildin sem eru konum eðlislægari ráða ferðinni.

Það er ljóst að þessi hörðu einhliða karlalegu gildi virka ekki ein og sér til framtíðar með nýju kynslóðunum sem eru að koma til starfa enda liggur í augum uppi að margt af því sem var í lagi fyrir mörgum árum er alls ekki í lagi núna – það vitum við öll.

Leiðin fram á við er þó alls ekki sú að bara skipta hörðu karllegu gildunum út fyrir mjúku kvenlegu gildin heldur viljum við bland af báðum, kyn eiga ekki að skipta máli. Við viljum að karlar og konur innan endurskoðunarstéttarinnar fái jöfn tækifæri til að klífa metorðastigann. Notum styrkleika hvers og eins óháð kyni til að ná hámarks árangri í sameiningu.

VERUM FYRIRMYND FYRIR AÐRAR FAGSTÉTTIR

Lokaorð mín eru, kæru endurskoðendur, að núna þurfum við að fara hugsa út fyrir boxið, en ekki gera bara alltaf það sem við höfum gert hingað til og gera ráð fyrir að „þetta reddist“.

Tíminn er runninn út, það þarf hugrekki til að gera hlutina öðruvísi og ég hvet ykkur til að taka ákvarðanir með tilliti til okkar frábæra starfsfólks.

Við erum sérfræðingar og ekki síður fagfólk. Gleymum því ekki.

TIL HAMINGJU MEÐ AFMÆLIÐ - ÁRIÐ 2023

Albert Jóhannsson	30 ára	Hólmgrímur Bjarnason	50 ára	Jón Kristinn Jónsson	70 ára
Kateryna Hlynsdóttir	30 ára	Jóhann G. Jóhannsson	50 ára	Jón Tryggvi Kristjánsson	70 ára
Rebekka Helga Pálsdóttir	30 ára	Kjartan Arnfinnsson	50 ára	Ólafur Elísson	70 ára
Sindri Freyr Gíslason	30 ára	Kristín Margrét Sveinsdóttir	50 ára	Reynir Vignir	70 ára
Sævar Þór Stefánsson	30 ára	Kristinn Freyr Kristinsson	50 ára	Símon Á. Gunnarsson	70 ára
Arnar Kristinn Þorkelsson	40 ára	Lilja Brynja Skúladóttir	50 ára	Stefán D. Franklín	70 ára
Áslaug Rós Guðmundsdóttir	40 ára	Lúðvík Þránínsson	50 ára	Sturla Jónsson	70 ára
Birta Mogensen	40 ára	Pálína Árnadóttir	50 ára	Anna Skúladóttir	75 ára
Bogi Hauksson	40 ára	Reynir Stefán Gylfason	50 ára	Árni Björn Birgisson	75 ára
Bryndís Símonardóttir	40 ára	Unnar Friðrik Pálsson	50 ára	Guðmundur Jóelsson	75 ára
Haukur Ingi Hjaltalín	40 ára	Víðir Álfgeir Sigurðsson	50 ára	Guðríður Kristófersdóttir	75 ára
Helga Dögg Yngvadóttir	40 ára	Gerður Guðjónsdóttir	60 ára	Hafsteinn V. Halldórsson	75 ára
Niels Guðmundsson	40 ára	Guðmundur Hjaltason	60 ára	Ingólfur Flygenring	75 ára
Páll Daði Ásgeirsson	40 ára	Helena Hilmarsdóttir	60 ára	Ómar Kristjánsson	75 ára
Rúnar Bjarnason	40 ára	Hjörleifur Pálsson	60 ára	Sigurgeir Bóasson	75 ára
Ágúst Kristinsson	50 ára	Konráð Konráðsson	60 ára	Sveinn Arason	75 ára
Helga Erla Albertsdóttir	50 ára	María Sólbergdóttir	60 ára	Ólafur Viggó Sigurbergsson	80 ára
Hinrik Þór Harðarson	50 ára	Sæmundur Valdimarsson	60 ára	Þorsteinn Kjartansson	80 ára



Fyrsta vettvangsferð starfsársins 2021-2022 á Alþingi Íslendinga.



Vettvangsferð í Kauphöll Íslands í apríl 2022.



Herdís Pála með fyrirlestur á aðalfundi FKE í júní 2022.

Stuttar fréttir

FÉLAG KVENNA Í ENDURSKOÐUN

Sara Henný H. Arnbjörnsdóttir, löggiltur endurskoðandi hjá PwC og formaður FKE

Félag kvenna í endurskoðun (FKE) var stofnað þann 23. nóvember 2004 í Ráðhúsi Reykjavíkur með það í huga að efla tengslanet kvenna sem starfa í endurskoðun. Tilgangur félagsins er að efla samstarf og tengsl ásamt því að styrkja stöðu kvenna sem hlotið hafa löggildingu í endurskoðun á Íslandi.

Aðalfundur félagsins var haldinn í júní 2022 þar sem Herdís Pála fyrirlesari hélt erindi um árangur sem byggir á því að vera leiðtogi í eigin lífi (e. Self-Leadership) og mikilvægi orkusjórnunar umfram tímastjórnun. Nýjar félagskonur voru boðnar velkomnar í félagið, en þær Brynja Dögg Guðjónsdóttir, Erna Aðalheiður Karlsdóttir, Fríða Rúnarsdóttir og María Kristín Rúnarsdóttir hlutu allar löggildingu í endurskoðun í desember 2021.

Starfsár FKE einkenndist af áhugaverðum vettvangsferðum en Covid hafði í ársbyrjun enn nokkur áhrif á starfsemi félagsins þar sem heimsóknir fyrir stærri hópa voru ekki leyfðar sökum sóttvarnaráðstafana í landinu. Stjórnin lét þó ekki deigan síga og fór á fullt skrið um miðjan mars til að reyna ná að halda í við áður tilkynnta vetrardagskrá.

Fyrsta vettvangsferð vetrarins var heimsókn á Alþingi Íslendinga í mars 2022 þar sem Kristján Sveinsson tók vel á

móti félagskonum, rölt var um húsnæðið og fengin fræðsla um myndlist og byggingarsögu Alþingis. Heimsóknin tókst afar vel og vakti mikla lukku félagskvenna.

Í apríl 2022 var síðan farið í heimsókn í Kauphöll Íslands þar sem Baldur Thorlacius skýrði frá starfsemi Kauphallarinnar, skráningu félaga í Kauphöll og hinum ýmsu fjárfestingarkostum. Félagskonur fengu að hringja bjöllu Kauphallarinnar sem glumdi hátt.

Starfsárinu lauk með vel heppnaðri haustgleði sem haldin var hjá Önnu Sif Jónsdóttur í október 2022 þar sem Hjálmar Örn, betur þekktur sem Hvítvínskonan, skemmti félagskonum með uppstandi sínu og áhugaverðri spurningakeppni þar sem veglegir vinningar voru í boði.

Í lokin hvetur stjórn félagsins allar löggiltar konur að ganga til liðs við félagið, óháð því hvort þær starfi við endurskoðun eða ekki.

Í mínum huga er þetta frábær vettvangur fyrir okkur sem eigum það sameiginlegt að hafa komist í gegnum löggildingarprófin og höfum hér tækifæri til að kynna betur og stækka tengslanet okkar, hvort sem það er í gegnum faglega fyrirlestra eða aðrar samkomur.



Mikilvægt er að taka með sér eins lítinn farangur og unnt er þar sem hann þarf allur að komast fyrir á hjólinu.



Stuttar fréttir

HJÓLAFERÐ

Sigríður Ármannsdóttir, löggiltur endurskoðandi hjá APaL

Í mínum frítíma nýt ég þess að hreyfa mig hvort sem er innanlands eða erlendis. Í gegnum árin hef ég gengið á fjöll, verið á gönguskiðum og jafnvel á vélknúnum farartækjum. Margar þessar ferðir hafa leitt mig á fáfarna en mjög áhugaverða staði sem ég hef notið að koma á.

Fyrir um 15 árum hóf ég að fara erlendis á staði þar sem þægilegt er að ferðast um á reiðhjóli. Slíkur ferðamáti veitir mikla nánd við umhverfið og skemmtilega tengingu við land og þjóð. Ég hef í nokkrum ferðum hjólað meðfram Dóná. Ferðirnar hafa hafist við Ulm Þýskalandi og þaðan haldið sem leið liggur í átt að Svartahafinu. Ég hef enn ekki náð að fara alla leið að Svartahafi en vonandi mun ég ná þangað í einhverri ferðinni.

Ég mæli með því að þeir sem eru að byrja að hjóla erlendis velji sér einfalda leið þar sem auðvelt er að hjóla án þess að vera í mikilli umferð. Ég hef helst hjólað á vorin og haustin meðfram Dóná því þá er minni umferð en um mitt sumar. Leiðin meðfram Dóná er að stórum hluta farin eftir hjólastígum, sérstaklega þegar hjólað er um Þýskaland, Austurríki, Slóvakíu og að Búdapest í Ungverjalandi. Þegar komið er lengra inn í Ungverjaland fara vegslóðar og merkingar versnandi.

Fólk á alls ekki að hika við að taka börn með í slíkar ferðir. Algengt er að heilu fjölskyldurnar hjóli saman „Donau radweg“

allt frá ungabörnum, í til þess gerðum kerrum, til gamalmenna á rafknúnum hjólum. Ég tek yfirleitt hjólið mitt með í ferðir en hef einnig leigt hjól. Mér finnst betra að taka mitt hjól með þegar ég kem því við þar sem ég þekki það út og inn enda hefur það flogið mun fleiri kílómetra en það hefur hjólað. Mikilvægt er að taka með sér eins lítinn farangur og unnt er þar sem hann þarf allur að komast fyrir á hjólinu. Í ferðum mínum hef ég yfirleitt bókað gistingu fyrstu og síðustu nóttina í ferðinni en svo lagt af stað og orðið mér úti um gistingu frá degi til dags. Það hefur ákveðna kosti að vera ekki búinn að bóka gistingu fyrirfram. Þá geta dagleiðir verið lengri eða styttri en upphaflega var áætlað. Oft verða á vegi okkar áhugaverðir staðir á leiðinni sem vert er að skoða eða góðir veitingastaðir þar sem gaman er að staldra við og njóta veitinga. Þá er gott að vera ekki „tímabundinn“

Ég stefni á að fara í næstu hjólaferð mína í byrjun mars til Kambódíu og Víetnam. Mér finnst spennandi að prófa að hjóla í meiri hita en ég er vön. Einnig verður það í fyrsta sinn sem ég ferðast í hópi með fararstjóra og því mun ég ekki ákveða sjálf hve langt er hjólað hvern dag.

Greinin er prýdd myndum sem teknar hafa verið í nokkrum þeim hjólaferðum sem ég hef farið meðfram Dóná á undanföllum árum.



Ef um misræmi í sítalningu er að ræða kemur það yfirleitt fyrir í ljós en það hefði annars gert í árslokatalningu og því hægt að leiðrétta þær villur um leið og þær uppgötvast.

BIRGÐATALNINGAR OG ENDURSKOÐUN

Eiríkur Kristófersson, löggiltur endurskoðandi hjá PwC og Jóhann Andri Kristjánsson, M.Acc, MBA hjá PwC

Þegar þetta er skrifað eru undirritaðir þjakaðir af stressi, áhyggjum og andvökunóttum vegna þess sem koma skal á næstu vikum. Hvað er það sem er að halda fyrir okkur vöku kannt þú að spyrja þig? Jú, undirbúningur og skipulagning þess að vera viðstaddur birgðatalningar í kringum áramótin. Hausinn á okkur er magnaður, það sem honum dettur til hugar að velta fyrir sér upp úr þurru þegar augun eru lokuð og líkaminn er við það að slökkva á sér seint á föstudagskvöldi. Þá byrjar hausinn að sjálfsögðu að velta fyrir sér hvort hægt sé að skilgreina birgðir hjá félagi í endurskoðun sem eitt þýði eða eru þau jafnvel fleiri? Eru birgðirnar staðsettar á einum stað eða jafnvel á mörgum stöðum? Ef svo er, er innra eftirlit félagsins með birgðatalningum það sama í öllum talningum ef um fleiri en eina talningu er að ræða? Eru birgðirnar eða hluti þeirra staðsettar úti á landi þar sem veður og færð getur haft veruleg áhrif á það hvort að við komumst í talningu á þessum tíma árs? Hver er aðferðafræði félagsins við birgðatalningar, er ein árslokatalning eða eru sítalningar í gangi allan ársins hring? Þetta eru jú þær spurningar sem ollu því að nætursvefninn varð örlítið styttri þessa nóttina.

Þar sem hausinn er svo magnaður þá byrjar hann strax einnig að leita lausna við þessum þælingum öllum. Þetta er kannski ekki svona flókið, þetta eru bara talningar. Við munum að

öllum líkindum ekki telja vötnin á Arnarvatnsheiði, eyjarnar í Breiðafirði eða Vatnsdalshóla í Húnavatnssýslu sem eiga það sameiginlegt að vera álitin óteljandi. Þó svo að birgðir séu almennt ekki óteljandi geta talningar á þeim þó vafist fyrir okkur. Væri mögulega besta lausnin að heyra í stjórnendum félagsins og athuga hvort það væri ekki hægt að selja þessar blessuðu birgðir fyrir áramótin og biða með öll innkaup þar til nýtt ár hefur gengið í garð? Hvað með að niðurfæra meginþorra birgða félagsins? Nei, sennilega eru þetta ekki góðar lausnir í stóra samhenginu. Þegar öllu er á botninn hvolft þá er sú krafa gerð á okkur samkvæmt endurskoðunarstaðli ISA 501 að við staðfestum bæði tilvist og ástand birgða með því að mæta í birgðatalningar, hvort sem okkur líkar það betur eða verr. Eins og með aðrar endurskoðunaraðgerðir þá er skipulagning og undirbúningur okkar algjört lykilatriði þegar kemur að því að vera viðstödd birgðatalningar.

Sú endurskoðunaraðgerð að mæta í birgðatalningu félags er í rauninni aðgerðaendurskoðun fremur en gagnaendurskoðun þar sem að við erum að prófa innra eftirlit félags í kringum framkvæmd birgðatalninga þess. Við skipulagningu og undirbúningu endurskoðunaraðgerða vegna birgðatalninga er mikilvægt að átta sig á talningaraðferðum félagsins, þ.e. hvort um sé að ræða sítalningar sem eru í gangi jafnt og þétt yfir

árið eða hvort allar birgðir félagsins séu einungis taldar í lok reikningsskilatímabils, árslokatalningar. Ásamt því að skilja innra eftirlit með birgðatalningum og aðferðafræði þeirra er einnig mikilvægt að skilgreina þýði birgðanna út frá eðli þeirra. Sem dæmi má nefna að ef félag er bæði með hráefni og fullunnar vörur þarf að horfa á birgðir þess sem tvö aðskilin þýði og talningar á þeim aðskildar frá hvorri annari.

Þegar kemur að því að mæta í talningar geta endurskoðunaraðgerðir okkar verið mismunandi eftir talningaraðferðum félagsins. Ef um sítalningar er að ræða þá þurfum við yfirleitt að vera fyrir á ferðinni og mæta jafnvel nokkrum sinnum á reikningsskilaárinu í birgðatalningar. Nákvæmlega hversu oft þarf að mæta í talningar yfir árið fer eftir faglegri dómgreind endurskoðanda varðandi hvað veitir honum næga endurskoðunarvissu, en ISA 501 staðallinn veitir engar nákvæmar leiðbeiningar með talningarfjölda. Hins vegar ef birgðir eru einungis taldar í lok árs þá er ekki um mikið annað að ræða en að mæta í sjálfa talninguna. Þetta kann að hljóma einfaldari og skilvirkari aðgerð fyrir endurskoðandann en það er ekki endilega svo. Mikið álag getur myndast í kringum jól og áramót á hluta starfsfólks endurskoðunarfyrirtækja vegna talninga ef mörg félög notast við árslokatalningar. Þetta álag myndi dreifast betur yfir allt árið ef um sítalningar væri að ræða þó svo að mögulega þurfi að mæta oftar í birgðatalningar. Heildarfjöldi talinna birgða þarf samt sem áður ekki endilega að vera meiri í sítalningum fremur en í árslokatalningum. Einnig eru auknar líkur á því að færð og veður muni hafa áhrif á talningar í kringum áramót í talningum þar sem ófærð og lokanir geta hamlað því að við komumst í talningu. Einnig getur veðurfar haft áhrif á talningar ef birgðir eru geymdar utandyra. Þessi atriði geta því dregið úr skilvirkni endurskoðunaraðgerða vegna árslokatalninga.

Talandi um skilvirkni þá er það hugtak sem helst oft í hendur við kostnað sem flestallir stjórnendur rýna töluvert í. Með því að bæta skilvirkni leiðir það af sér lægri kostnað í flestum tilfellum. Vel skipulagt ferli sítalninga getur aukið skilvirkni birgðatalninga og getur því að öllum líkindum lækkað kostnað félaga í tengslum við birgðatalningar, en hvernig?

Sítalningar eru framkvæmdar reglulega yfir allt reikningsskilatímabilið þar sem lítill hluti birgða er talinn í hvert skipti en þó þarf að passa að allar vörur séu taldar að lágmarki einu sinni einhvern tímann á tímabilinu. Því þarf að halda vel utan um allar talningar ársins og þau frávik sem koma upp. Þessi aðferðafræði við birgðatalningar er hugsuð til þess að viðhalda stöðugt nákvæmri birgðatalningu frekar en að treysta á heildartalningu í lok árs. Ef um misræmi í sítalningu er að ræða kemur það yfirleitt fyrir í ljós en það hefði annars gert í árslokatalningu og því hægt að leiðrétta þær villur um leið og þær uppgötvast. Þar af leiðandi bæta sítalningar nákvæmni birgðatalninga og minnka því einnig áhættuna á uppsöfnuðum villum sem gætu leitt til verulegs

fráviks á reikningsskilatímabilinu. Þetta getur skipt talsverðu máli fyrir félög þar sem sítalningar minnka líkurnar á því að birgðir séu rangt skráðar í bækur félags á hverjum tímapunkti reikningsskilatímabilsins og er því betur hægt að treysta á að það magn birgða sem er skráð í kerfi þess sé rétt á hverjum tímapunkti fyrir sig. Þetta gæti því verið hentug aðferð fyrir þau félög sem birta óendurskoðuð árschlutauppgjör til þess að veita þeim aukna vissu á birgðum í hverju uppgjöri. Auk þess er framkvæmd sítalninga þess eðlis að starfsemi félags liggur yfirleitt ekki niðri eða loka þurfi lager eða verslun á meðan á talningum stendur eins og yfirleitt er gert þegar um árslokatalningar er að ræða. Sú staðreynd að ekki þurfi að loka verslun eða lager vegna talninga ætti allavega að fá stjórnendur til þess að huga að notkun sítalninga umfram árslokatalningar.

En nóg um þetta í bili, við þurfum að drífa okkur í næstu birgðatalningu!



NÝR SKRIFSTOFUSTJÓRI FLE

Viðtal: Ágústa Katrín Guðmundsdóttir

Á árinu 2022 urðu breytingar á skrifstofu FLE þegar Hrafnhildur Hreinsdóttir lét af störfum eftir áratugastarf og við starfinu tók Sigríður Ákadóttir. FLE vill koma á framfæri þakklæti til Hrafnhildar fyrir vel unnin störf og óskum við henni alls hins besta í framtíðinni.

En hver er Sigríður Ákadóttir? Sigríður er fædd í Vestmannaeyjum árið 1976. Hún er stúdent frá MR og er með BS próf í viðskiptafræði frá HÍ.

Áður en hún hóf störf hjá FLE starfaði hún sem skrifstofustjóri hjá upplýsingatæknifyrirtækinu Expectus og dótturfélagi þess exMon Software. Þar á undan var hún skrifstofustjóri hjá danska/franska fyrirtækinu AFA JCDecaux.

Sigríður er gift Erni Inga Arnarsyni og eiga þau 4 börn á aldrinum 8 ára til 21 árs.

Til að skerpa á hæfileikum endurskoðenda við að greina á milli hvað er rétt og hvað er rangt hjá viðspyrjendum þeirra, þá báðum við Sigríði eða Sirrý eins og hún er kölluð að segja okkur eitthvað um sig sem við vitum ekki um hana og hafa með eitt atriði sem er algjör uppspuni.

Hér að neðan má sjá svör Sirrýjar og þá er það okkar að finna út hvað er satt og hvað er uppspuni. Góða skemmtun!

- Bjó í Sitges / Barcelona og talar spænsku
- Fór á flughræðslunámskeið og í kjölfarið í flugtíma
- Jólábarn – fædd rétt fyrir kl. 18 á aðfangadag
- Dreymdi um að verða endurskoðandi þegar hún var 8 ára
- Kynntist eiginmanninum í versluninni Miklagarði fyrir 34 árum, þar sem þau unnu saman og hafa verið saman síðan þá



Áreiðanleikakannanir og áhættumat – kynning á netlausnum

Með tilkomu laga nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka hafa endurskoðendur verið skyldaðir til að framkvæma áhættumat og áreiðanleikakönnun við tiltekna kringumstæður á viðskiptavinum sínum.

Nokkur fyrirtæki bjóða upp á netlausn við framkvæmd áreiðanleikakönnunar og við skjölun og eftirfylgni þeirra. Hér að neðan kynna þrjú þessara fyrirtækja sína lausn.



ARANGO AML - ÁREIÐANLEIKAKANNANIR MEÐ RAFRÆNNI AUÐKENNINGU

Guðjón Karl Þórisson,
sölustjóri Arango

Arango hefur sett á markað lausn til að framkvæma áreiðanleikakannanir sem er sérsniðin að þörfum bókhaldsstofa og endurskoðunar fyrirtækja. Lausnin einfaldar fyrirtækjum að halda utan um framkvæmd áreiðanleikakannana sem tilkynningaskyldum aðilum ber að gera til að uppfylla skyldu sína gagnvart lögum um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka frá 2018.

Í kerfinu er haldið utan um viðskiptavini og upplýsingar tengdar þeim. Áreiðanleikakönnun er búin til á viðskiptavin, einstakling eða hóp viðskiptavina og send út úr kerfinu. Mögulegt er að fletta upp gildandi skráningu félags ásamt raunverulegum eigendum með tengingu við Kelduna eða Credit Info. Haldið er utan um rafræna auðkenningu og undirritun með þjónustu frá Dokobit og könnunin vistuð í miðlægum viðskiptamannagrunni. Í lausninni er haldið utan um mikilvægar upplýsingar eins og aldur áreiðanleikakanna, áhættumat, aukna áreiðanleikakönnun, upplýsingar um stjórnendur, eigendur og stjórnsmálaleg tengsl.

Lausnin sem sett var á markað á haustmánuðum er nú þegar komin í notkun hjá fjölda viðskiptavina Arango.

„Það er virkilega gaman að sjá hversu hratt notendur tileinka sér notkun kerfisins og hversu hratt fyrirtæki sjá ávinning og árangur af notkun lausnarinnar. Það er ljóst að kerfið sparar notendum mikinn tíma í ferlinu.“ Segir Guðjón Karl Þórisson sölustjóri Arango.

Arango er þekkingar- og ráðgjafafyrirtæki sem sérhæfir sig í stafrænum viðskiptalausnum.

Kynntu þér Arango AML á vefsíðu Arango www.arango.is eða með því að hafa samband á arango@arango.is





NÝJAR REGLUGERÐIR KALLA Á SNJALLARI LAUSNIR AÐGERÐIR GEGN PENINGAÞVÆTTI

Tinna Hallbergsdóttir, öryggis- og gæðastjóri Taktikal

Með lögum nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka voru settar nýjar skyldur á endurskoðendur og ber þeim nú að þekkja deili á viðskiptavinum sínum og framkvæma á þeim áreiðanleikakannanir.

NÚTÍMINN ER STAFRÆNN

Taktikal hefur um árabil aðstoðað allt frá einyrkjum upp í stór fyrirtæki við að uppfylla þessar skyldur. Lausn Taktikal felur í sér áreiðanleikakönnun með auðkenningu á einstaklingum og forsvarsmönnum fyrirtækja ásamt spurningalistum um uppruna fjármagns og tilgang viðskipta, sem hannaðir voru í samræmi við kröfur eftirlitsaðila. Lausnin býður einnig upp á sjálfvirka uppflettingu á listum yfir stjórnmalaleg tengsl aðila (PEP and Sanctions). Ferlið er skjalað og allur skjalafrágangur sjálfvirkur. Að lokum eru undirrituð gögn tímastimpluð með vottuðum tímabjóni, innsigliuð á öruggan hátt og send sjálfvirk til skjalakerfi til langtíma varðveislu.

“Deloitte á Íslandi innleiddi AML lausn Taktikal á vormánuðum 2020. Lausnin auðveldar utanumhald á ferlum varðandi áreiðanleikakannanir á viðskiptavinum auk þess sem ferlið er rafrænt frá upphafi til enda. Lausnin nýtir sér rafræn skilríki svo einfalt og öruggt er fyrir viðskiptavinum að fara í gegnum ferlið - hvort sem er í tölvu eða snjallsíma.” Pétur Hansson, Partner og Senior Manager, Deloitte á Íslandi.

STAFRÆNT ER SKILVIRKT

Með því að framkvæma áreiðanleikakannanir og uppflettingar í PEP og Sanctions grunnum í stafrænu umhverfi er hægt að spara umtalsverðan tíma starfsfólks. Ekki þarf lengur að skrá gögn handvirkt inn í upplýsingakerfi og senda tölvupósta til að minna á að skila inn útfylltum spurningalistum, þar sem áminningar eru sendar með einum músasmelli í kerfi Taktikal. Ekki er lengur þörf á að skanna persónuskilríki viðskiptavina þar sem lausnin sendir rafrænt afrit skilríkja samhliða staðfestingu viðskiptavinar.



Viðskiptavinir geta sparað sér bilferðir, því þeir munu ekki þurfa að mæta á staðinn til að sanna deili á sér heldur er það gert með rafrænum skilríkjum sem notuð eru til að undirrita áreiðanleikakönnunina. Og ef það er ekki nóg til að kæta viðskiptavinina þá er lagt mikið upp úr því að notendaviðmótið sé allt mjög þægilegt.

FRAMTÍÐIN ER SJÁLFVIRK

Á næstu misserum mun bætast enn meira í vörúrrval Taktikal til að auka enn frekar yfirsýn fyrirtækja yfir viðskiptavinum sína þar sem hægt verður að áhættuflokka viðskiptavinum, framkvæma stöðugt eftirlit með PEP og Sanctions vöktun og fá sjálfvirkar áminningar þegar endurnýja þarf áreiðanleikakannanir.

Frekari upplýsingar má finna á taktikal.is og fyrirspurnir má senda á hallo@taktikal.is



ÁREIÐANLEIKAKANNANIR (KYC) – NÝTT KERFI FYRIR BÓKARA

Valgerður Sigurðardóttir, viðskiptastjóri Kóða

Hvíla á þér skyldur um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka?


Keldan og Hluthafaskra.is kynna nýtt kerfi sem gerir þér kleift að uppfylla þær skyldur á einfaldan, skilvirkan og hagkvæman hátt. Kerfið [kallað KYC „Know your customer“] er ætlað til utanumhalds og framkvæmd áreiðanleikakannana og stenst þau lög sem bókhaldsstofur [sem tilkynningaskyldir aðilar] falla undir um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Notendur geta framkvæmt áreiðanleikakannanir á einfaldan hátt og öðlast góða yfirsýn á viðskiptavinum í samræmi við gildandi lög.

Þegar búið er að stofna viðskiptavinum er áreiðanleikakönnun framkvæmd á lögaðilum í fjórum einföldum skrefum.

1. Sækja KYC skýrslu. Skýrsla sótt úr Hlutafélagaskrá [til RSK] með gildandi skráningu og raunverulegum eigendum.

2. Skrá tengilið félags og netfang, en sá verður að hafa lagalega heimild til að koma fram fyrir hönd félagsins. Í vali á tengilið eru sjálfkrafa þeir í boði sem heimild hafa skv. sóttri KYC skýrslu. Þegar tengiliður hefur verið skráður virkjust áreiðanleikakönnun í Hluthafaskrá, og er aðgengileg viðkomandi við rafræna innskráningu.



Fyrir nánari upplýsingar og skráningu í kerfið er hægt að senda póst á help@hluthafaskra.is



Eðli málsins samkvæmt er mikill samhljómur hvað varðar áhersluatriði en það eru eftirfarandi þrjú atriði – í fyrsta lagi sjálfbærnisráðgjafur (sustainability matters), í öðru lagi mikilvægi stéttarinnar og aðdráttarafl fyrir efnilega einstaklinga og í þriðja og síðasta lagi endurskoðun til framtíðar.

STARFSEMI FLE Á NÝLIÐNU ÁRI

Sigurður B. Arnþórsson, framkvæmdastjóri FLE

VIÐBURÐIR

Hér verður farið yfir helstu atriði hvað varðar þá viðburði sem félagið stóð fyrir á liðnu starfsári.

Félagið stóð fyrir samtals 16 atburðum á starfsárinu sem gáfu 39 endurmenntunareiningar. Til samanburðar þá stóð félagið fyrir jafn mörgum atburðum árið á undan sem gáfu 45 einingar. Aðal breytingin hvað varðar fækkun eininga þrátt fyrir sama fjölda atburða er tilkomin vegna þess að tekin var sú ákvörðun að stytta ráðstefnur félagsins þar sem þeim hefur jafnframt verið streymt, enda almennt talið að streymi sem varir lengur en þrjú tíma fangi ekki lengur athygli þátttakenda. Heildarmæting á liðnu starfsári var um 1200 samanborið við rúmlega 1600 á starfsárinu á undan. Það má jafnframt geta þess að um 65% af heildarmætingu liðins starfsárs var rafræn samanborið við 90% árið áður, væntanlega út af Covid. Heildarmæting á árunum fyrir Covid hefur verið að meðaltali um 1100 þannig að félagið má vel við una. Það er því ljóst að félagið mun í framtíðinni halda áfram að bjóða upp á slíka valkosti þ.e. streymi í þeim tilfellum sem slíkt fyrirkomulag hentar. Þar þarf bæði að hafa í huga hvers konar efni er til umfjöllunar hverju sinni sem og praktísk atriði.

Vakin er athygli félagsmanna á því að nú er hægt að nálgast fjölda viðburða á rafrænu formi á innri vef félagsins þar sem hægt er að kaupa sér aðgang að fjölbreyttu efni. Gott er að hafa það í huga þegar félagsmenn fara að huga að stöðu endurmenntunar t.d. þegar árslok nálgast, ef eitthvað skyldi vanta upp á til að uppfylla kröfur reglugerðar um endurmenntun.

Haldin voru þrjú morgunkorn á starfsárinu. Fjölluðu þau um staðfestingu endurskoðenda á svokallað ESEF form, upplýsingar í skýrslu stjórnar og í þriðja lagi um lög-gildingarprófin. Heildarþátttaka á morgunkornin var 80 einstaklingar sem verður að teljast frekar lítið, en kornin gáfu 6 einingar.

Að venju stóð félagið fyrir fjórum ráðstefnum á starfsárinu, Skattadegi í janúar, Endurskoðunardegi í maí, Reiknings-skiladegi í september og svo Haustráðstefnu í nóvember. Boðið var upp á streymi á öllum ráðstefnunum nema á Haustráðstefnunni. Heildarþátttaka á þessar ráðstefnur var rúmlega 670 félagsmenn og þar af fylgdust um 460 með í streymi. Þessar fjórar ráðstefnur gáfu 15 endurmenntunareiningar samanborið við 18 einingar árið áður þegar heildarþátttaka var um 730 félagsmenn.

Til þess að ljúka upptalningunni þá stóð félagið fyrir sex námskeiðum og fræðslufundum þar sem þátttakan var liðlega 390 félagsmenn. Þessir sex viðburðir gáfu 18 einingar. Fjöldi námskeiða á liðnu starfsári, þátttakan og einingafjöldi er sam-bærilegt hvað varðar fyrra starfsár.

Þar að auki stóð félagið fyrir tveimur námskeiðum sem ætluð voru fyrir endurskoðunarnema með aukaaðild að félaginu, sem og að ógleymdri Gleðistund félagsins í upphafi starfsárs sem ungliðanefnd félagsins sér um allt skipulag á og er henni færðar hér með sérstakar þakkir fyrir.



Frá Reikningsskiladegi í september 2022

Eins og svo oft áður er Skattadagur félagsins sá einstaki atburður sem flestir hafa áhuga á en þar mættu um 215 félagsmenn. Öllu jöfnu eru ráðstefnur félagsins vel sóttar enda var meðaltalið á liðnu starfsári um 170 félagsmenn.

Þess má svo geta til gamans að eitt námskeiðið var með óvenju góða mætingu, eða vel yfir eitt hundrað félagsmenn, enda fjallaði það um ársreikningaskil sem hafa verið okkur nokkuð hugleikin undanfarin ár. Aftur á móti voru einungis 10 félagsmenn í salnum sem höfðu áhuga að berja Halldór augum í öllu sínu veldi.

Á innri síðu félagsins má svo í nær öllum tilvikum finna glærur frá einstaka fyrirlesturum frá ráðstefnum, námskeiðum sem og öðrum viðburðum fyrir utan upptökur í sumum tilvikum eins og áður hefur verið greint frá.

NEFNDARSTÖRF

Innan félagsins eru starfandi sex fastanefndir: Álitsnefnd, Endurskoðunarnefnd, Gæðanefnd, Menntunarnefnd, Reiknings-skilanevnd og Skattanevnd.

Ekki verður fjallað sérstaklega um störf fastanefnda en það er deginum ljósara að störf þessara nefnda og framlag þeirra einstaklinga sem þar leggja sitt af mörkum er afar mikilvægt fyrir félagið og þeim því hér með færðar sérstakar þakkir fyrir samstarfið á liðnu ári.

FRAMTÍÐARMÁL

Þau eru nokkur atriðin sem lúta að framtíðarsýn stéttarinnar og hafa verið mikið til umfjöllunar á fundum hjá Norræna endurskoðendasambandinu sem og Evrópusambandi endurskoðenda. Eðli málsins samkvæmt er þar mikill samhljómur hvað varðar áhersluatriði en það eru eftirfarandi þrjú atriði – í fyrsta lagi sjálfbærnisráðgjafur (sustainability matters), í öðru lagi mikilvægi stéttarinnar og aðdráttarafl fyrir efnilega einstaklinga og í þriðja og síðasta lagi endurskoðun til framtíðar.

Mín skoðun er sú að félagið eigi að leggja sitt af mörkum í þessum efnunum hérlandis og hefur jafnframt tækifæri til að láta rödd sína heyrast í gegnum erlent samstarf.

Þó nokkuð hefur verið fjallað um skýrslur um sjálfbærni á vettvangi félagsins, bæði hvað varðar framsetningu sem og staðfestingu þeirra upplýsinga. Farið var ítarlega yfir málefnið á aðalfundi félagsins 2021. Það er aftur á móti ljóst að hér liggja mikil tækifæri fyrir okkar stétt sem sérfræðingar, og er þessu stundum líkt við þegar alþjóðlegir reikningsskilastaðlar voru innleiddir. Að auki er engin stétt með sambærileg tól og tæki eins og við sem alþjóðlegir endurskoðunarstaðlar og síðareglur eru og gefa okkur ótvíræða yfirburði til að staðfesta slíkar skýrslur. Innan félagsins hefur verið starfræktur vinnuhópur um sjálfbærni í rúmt ár sem fundað hefur reglulega þar sem skipst hefur verið á skoðunum og upplýsingum, og tókum við jafnframt þátt í norrænum vinnuhópi sem nýlega hélt fund í Stokkhólmi. Öllum tækifærum fylgja aftur á móti áskoranir og ber þar helst að nefna menntun á háskólastigi sem og



Stöllurnar Anna Birgitta Guðfinnsdóttir og Pálína Árnadóttir

endurmenntun endurskoðenda og er það eitt af þeim atriðum sem fjallað verður um í þeim vinnuhópum sem við tökum þátt í.

Mikilvægi stéttarinnar og aðráttarafl fyrir einstaklinga hefur verið ofarlega á lista endurskoðenda og alþjóðlegra samtaka síðasta áratuginn þegar sterkir vindar hafa blásið sérstaklega í kjölfar efnahagskreppunnar. Þar má sjá tækifæri bæði hvað varðar útvíkkun vinnu okkar með tilkomu skýrslna um sjálfbærni og eins væntanlegs staðals um endurskoðun fyrir lítil og einföld félög (LCE). Þessi atriði þurfum við að nýta okkur sem aðráttarafl sem og til framdráttar fyrir stéttina.

Í þessu samhengi má geta þess að á síðastliðnum tíu árum hefur starfandi endurskoðendum hér á landi fækkað um 30 einstaklinga, eða frá 260 í 230. Jafnframt hefur nýútskrifuðum endurskoðendum fækkað þar sem meðaltalið var 15 endurskoðendur á fyrsta áratug þessarar aldar, samanborið við 9 síðastliðin tíu ár. Í desember 2022 voru nýútskrifaðir endurskoðendur fjórtán talsins en aldrei hafa jafn margir átt möguleika á að hljóta löggildingu í ár samanborið við undanfarin ár.

Í þriðja og síðasta lagi er endurskoðun litið til framtíðar.

Fjallað hefur verið um þau tækifæri sem felast í skýrslugerð um sjálfbærni og jafnframt um nýjan staðal um endurskoðun lítilla og einfaldrá félaga sem alþjóðlega staðaráðið mun væntanlega gefa út í lok næsta árs og gilda fyrir endurskoðun ársins 2024.

Eðlilega eru skiptar skoðanir um þennan staðal og þá sérstaklega meðal eftirlitsaðila en ef þessi staðall verður raunin sem að líkum lætur hefur Norræna endurskoðendasambandið sett sér það markmið að styðja við bakið á sínum aðildarfélögum með leiðbeinandi hætti.

Hvað varðar framtíð okkar starfa og þá sérstaklega hvað varðar tilskipanir Evrópusambandsins þá mun bæði Evrópusamband endurskoðenda sem og Norræna sambandið fylgjast gaumgæfilega með þeim umræðum sem hafa verið í gangi hvað varðar hugsanlegar breytingar á tilskipuninni, en sú umræða hefur aðeins legið niðri undanfarin misseri vegna innleiðingar tilskipunar um sjálfbærnisráslur.

AÐ LOKUM

Fráfarandi stjórn og nefndum er þakkað fyrir ánægjulegt samstarf á liðnu ári og ykkur öllum góðir félagsmenn fyrir að hafa tekið þátt í þeim atburðum sem félagið hefur staðið fyrir á liðnu ári.

Nýir löggiltir endurskoðendur 2022



Á myndinni frá vinstri eru: Lilja Brandsdóttir, Einar Örn Sigurjónsson, Rebekka Helga Pálsdóttir, Karl Óskar Þráinsson, Eiríkur Kristófersson, Ármann Steinar Gunnarsson, Albert Jóhannsson, Sigurjón Oddsson, Svanhildur Skúladóttir, Helena Rós Sigurðardóttir, Elín Edda Angantýsdóttir, Gerður Þóra Björnsdóttir og Sigríður Ellen Arnardóttir. Á myndina vantar Sævar Þór Stefánsson.

Nýir löggiltir endurskoðendur fengu löggildinguna sína afhenta þann 14. desember 2022. Fjórtán náðu báðum prófunum og kynjahlutfall er jafnt. 28 þreyttu fyrri prófið (endurskoðun og reikningsskil) og náðu 14, og 26 þreyttu seinna prófið (skattalög, félagaréttur, kostnaðarbókhald og stjórnendareikningsskil) og náðu 16. Allir nýir löggiltu endurskoðendurnir hafa gengið í félagið og FLE óskar þeim til hamingju með áfangann.

Albert Jóhannsson KPMG	Karl Óskar Þráinsson BDO
Ármann Steinar Gunnarsson PwC	Lilja Brandsdóttir EY
Einar Örn Sigurjónsson Deloitte	Rebekka Helga Pálsdóttir Icelandair
Eiríkur Kristófersson PwC	Sigríður Ellen Arnardóttir KPMG
Elín Edda Angantýsdóttir KPMG	Sigurjón Oddsson BDO
Gerður Þóra Björnsdóttir KPMG	Svanhildur Skúladóttir KPMG
Helena Rós Sigurðardóttir KPMG	Sævar Þór Stefánsson PwC

DAGUR	VIÐBURÐUR	STAÐUR	FORM	EFNI	EININGAR
19. jan.	Námskeið	Grand hótél og streymi	Námskeið	Spilling og mútubrot	3
20. jan.	Skattadagur	Grand hótél og streymi	Ráðstefna	Skattamál	3.5
13. feb.	Morgunkorn	Grand hótél	Námskeið- vinnustofa	Óákveðið	2
23. mars	Morgunkorn	Grand hótél	Námskeið - vinnustofa	Óákveðið	2
27. apríl	Morgunkorn	Grand hótél	Námskeið - vinnustofa	Óákveðið	2
4. maí	Námskeið	Grand hótél og streymi	Námskeið	Óákveðið	3
5. maí	Endurskoðunardagur	Grand hótél og streymi	Ráðstefna	Endurskoðun	3 - 4
24. maí	Námskeið	Skrifstofa FLE	Námskeið	Að taka löggildingarpróf	2
5. sept.	Námskeið	Grand hótél	Námskeið	Löggildingarpróf - yfirferð	5
5. okt.	Námskeið	Grand hótél og streymi	Námskeið	Óákveðið	3
6. okt.	Reikningsskiladagur	Grand hótél og streymi	Ráðstefna	Reikningsskil	4
6. okt.	Gleðistund	Grand hótél	Skemmtun	Léttmeti	
19. okt	Morgunkorn	Grand hótél	Námskeið - vinnustofa	Óákveðið	2
9. nóv.	Námskeið	Grand hótél og streymi	Námskeið	Óákveðið	3
10. nóv.	Haustráðstefna	Hilton Reykjavík Nordica	Ráðstefna - vinnustofur	Fjölbreytt	5
10. nóv.	Aðalfundur	Hilton Reykjavík Nordica	Félagsfundur	Innri mál FLE	1
7. des.	Námskeið	Grand hótél	Námskeið	Skattamál	3